

 Munið að panta
auglýsingapláss
tímanlega í 20 ára
afmælishlað BB

  MIÐIÐ ÚRVAL AF
GJAFAVÖRUM
VERIÐ
VELKOMIN
PRISTUR EHF
VERSLUN, SILFURGÖTU 5
SÍMI 456 3422


Afgreiðsla
Landsbankans
í Neista er opin
fimmtudaga og
föstudaga
frá kl. 16-18
Sími 410 8119
 Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

 Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk

Miðvikudagur 29. september 2004 · 39. tbl. · 21. árg.

**Tækifærin
eru í okkar
höndum**
– segir Torfi Jóhannsson hjá verk-
takafyrirtækinu Ágústi og Flosa ehf.
Sjá viðtal í miðopnu



Búlandstindur á Djúpavogi yfirtekur Fjölni á Þingeyri

Ákveðið hefur verið að Búlandstindur hf. á Djúpavogi yfirtaki Fiskvinnsluna Fjölni hf. á Þingeyri. Gerð hefur verið samrunaáætlun félaganna en einnig yfirtækur Búlandstindur Fiskiðjusamlag Húsavíkur hf. og Útgerðarfélagið Garðey ehf. Samruni félaganna á að gilda frá síðustu áramótum. Engar breytingar eru fyrirhugaðar á starfsemi félagsins á Þingeyri, að sögn framkvæmdastjórans.

Fiskvinnslan Fjölnir hf. var stofnuð árið 1999 og var upphaflega í eigu Vísis hf. í Grindavík, Byggðastofnunar, Burðaráss og ýmissa minni

hluthafa, þar á meðal nokkurra einstaklinga sem þá sátu í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar. Fyrir á þessu ári keypti Vísir hf. aðra hlutahafa út úr fyrirtækinu. Sömu sögu er að segja í öðrum þeim félögum sem að samrunanum koma. Þar er Vísir einnig eini hluthafinn.

Fiskvinnslan Fjölnir hf. hefur frá upphafi fengið úthlutað byggðakvóta frá Byggðastofnun samkvæmt fimm ára samningi þar um. Nýverið var Ísafjarðarbæ tilkynnt að stofnunin ætlaði að úthluta fyrirtækinu áfram byggðakvóta þrátt fyrir að áður nefndur samningur væri útrunninn (sbr. bls. 3).



Fiskvinnslan Fjölnir á Þingeyri.


Pétur Pálsson framkvæmdastjóri Vísis hf. segir, að með samruna þessara félaga sé Vísir að fækka dótturfyrirtækjum

sínum úr þremur í eitt. „Þessi samruni hefur engin áhrif á rekstur félaganna. Við höfum verið í viðamiklum

rekstri á Þingeyri og það eru engar breytingar fyrirhugaðar á þeim rekstri við þennan samruna“, segir Pétur. – hj@bb.is

SAMKAUP

Opið:
Virka daga 09-21
Laugard. 10-21
Sunnud. 12-21
SAMKAUP
...gæði og forðgæði!
NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460



SKIP OG BÍLL - HEILDARLAUSN Í FLUTNINGUM

Flytjandi
- allt flutt á land

EIMSKIP
GÖRÐ LEND

Vestfirsk sveitarfélög í góðum gír

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur kannað reikninga sveitarfélaga fyrir árið 2003 með hliðsjón af fjárhagsáætlunum fyrir árin 2003 og 2004. Á grundvelli viðmiða varðandi rekstrarniðurstöðu, peningalega stöðu, eiginfjárlutfall, þróun í fjármálum hvers sveitarfélags o.fl. voru reikningskil 47 sveitarfélaga skoðuð nánar. Nefndin ákvað síðan að skrifa 23 sveitarfélögum og óska m.a. eftir upplýsingum um hvernig sveitarstjórnirnar hygðust bregðast við fjárhagsvanda. Ekkert sveitarfélag á Vestfjörðum var í þessum hópi og má að líkindum þakka það m.a. sölu þeirra á hlut sínum í Orkubúi Vestfjarða.

Sestur að á Suðureyri

Hallgrímur Guðsteinsson, starfsmaður Skipaskoðunar ehf. sem annast skoðun á bátum undir 400 tonn-um, er nú búsettur á Suðureyri. Þegar samið var við fyrirtækið var ákveðið að starfsmaður þess yrði kominn með fast aðsetur á Vestfjörðum fyrir áramót. „Ég hef verið með annan fótinn fyrir vestan frá því í vor en frá mánaðamótum hef ég haft fast aðsetur á Suðureyri. Vestfirðingar hafa tekið mjög vel á móti mér. Fjölskyldu minni og mér líður mjög vel á Suðureyri. Reyndar átti ég heima hér fram til um þriggja ára aldurs. Ekki spillir að hér á Suðureyri er mjög góð sundlaug en mér finnst gott að fara í sund“, segir Hallgrímur.

Atvinnulausir fá frítt í sund

Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða hefur óskað eftir því við Ísafjarðarbæ, að atvinnulausum og einstaklingum á félagslegu framfæri verði leyft að sækja sundlaugar bæjarins án greiðslu. Var þessi ósk rædd á fundi sem Skúli S. Ólafsson, forstöðumaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu, átti með starfsfólki Svæðisvinnumiðlunar. Málið var rætt á fundi íþrótta- og æskulýðsnefndar bæjarins sem telur málið þarft en eðlilegt að félagsmálanefnd fjalli um það.

Tvö skip í vanda á Ísafirði

Tvö togskip lentu í vandræðum rétt við Ísafjarðarhöfn skömmu eftir hádegi á mánudag. Togarinn Páll Pálsson var að leggja úr Sundahöfn í veiðiferð en þegar skipið var komið skammt frá bryggju varð vélarbilun og skipið varð stjórnlaust. Smábáturinn Patton kom skjótt til aðstoðar og tókst að snúa togaranum og koma þannig í veg fyrir að hann ræki í strand við Mávagarðinn í Sundahöfn. Lóðsbáturinn Þytur kom einnig til aðstoðar og komu bátarnir Páli Pálssyni að bryggju.

Togbáturinn Gunnbjörn sem var á leið um Sundin hugðist einnig koma Páli til hjálpar en ekki vildi betur til en svo að hann strandaði í Sundunum. Háfjara var og blíðskaparveður og losnaði skipið með aðfallinu. Þarna er sandbotn og mun Gunnbjörn ekki hafa skemmst við óhappið.



Togarinn Páll Pálsson og lóðsbáturinn Þytur rétt við Mávagarð.

Öllum undanþágubeiðnum neitað í verkfalli grunnskólakennara

Súðavíkurhreppur hyggst opna skólann fyrir börnunum

Verkfall grunnskólakennara hefur nú staðið síðan í hálfa aðra viku. Töluverð harka virðist hlaupin í verkfallið og hefur undanþágunefnd hafnað öllum undanþágubeiðnum til þessa. Sveitarfélög virðast hugsa sér til hreyfings og opna húsnaði skólanna fyrir nemendum þeirra.

Fræðslu- og tómstundanefnd Súðavíkurhrepps samþykkti á mánudag að börnum á grunnskólaaldri verði boðið upp á frjálsa viðveru í grunnskólanum meðan á verkfalli kennara stendur. Mælti nefndin með því að ráðinn verði

starfsmaður til að skipuleggja og hafa yfirumsjón með starfsemi. Ómar Már Jónsson sveitarstjóri segir að þessi ákvörðun sé tekin til þess að bregðast við því ástandi sem skapast hefur. Hann segir að nú þegar verði hafist handa við undirbúning. „Við viljum skipuleggja þetta í samstarfi við foreldra grunnskólabarna og fundur verður haldinn með þeim þar sem greint verður frá skipulagi og undirbúningi starfsins.“

Á föstudaginn var tekin fyrir á fundi undanþágunefndar beiðni aðstoðarskólastjóra

Grunnskólans á Ísafirði, þar sem óskað var undanþágu vegna nemenda við sérdeild skólans. Nefndin frestaði afgreiðslu erindisins þar sem „tilgreiningu á þeim kennumur sem óskað er undanþágu fyrir skortir“, eins og segir í fundargerð nefndarinnar. „Upplýsingum þar að lútandi hefur þegar verið komið á framfæri við undanþágubeiðanda“, segir einnig í fundargerð. Að sögn Skarphéðins Jónssonar skólastjóra var viðbótarupplýsingum þegar á föstudaginn komið á framfæri við nefndina.

Fjölmennt var á fundi



Frá baráttufundi grunnskólakennara á Ísafirði á mánudag.

grunnskólakennara á Ísafirði í verkfallsmiðstöð þeirra í húsi Verkalýðsfélags Vestfjarða í fyrradag. Unnur Kristjánsdóttir kennari frá Sandgerði og fulltrúi samninganefndar kennara mætti á fundinn til að

greina frá stöðu mála. „Við stöndum við bakið á okkar samninganefnd og fundurinn stappaði í okkur stálinu“, segir Ingibjörg S. Guðmundsdóttir, trúnaðarmaður grunnskólakennara á Ísafirði.

Hausaþurrrkunin hjá Klofningi á Suðureyri

Sama magn afurða og allt árið í fyrra

Frá áramótum og fram til föstudags í síðustu viku hefur starfsfólk hausþurrrkunarverksmiðjunnar Klofnings á Suðureyri skilað sama magni afurða og allt árið í fyrra. Af því tilefni var boðið upp á súpu og brauð í ESSÓ-skálanum á Suðureyri. Hjá Klofningi vinna 18 manns.

„Þetta var nokkuð merki- legur áfangi sem þarna náðist. Tækjabúnaður fyrirtækisins var aukinn í fyrra og nú



Starfsfólk Klofnings er ánæggt með árangurinn. Mynd: Páll Önnundarson.

erum við komin á full afköst sem vonandi haldast áfram. Það hefur verið nóg hráefni að

vinna úr“, segir Guðni Einarsson, framkvæmdastjóri Klofnings. – halfdan@bb.is

Skógræktarnám

Í haust verður skógarbændum á Vestfjörðum í fyrsta skiptið boðið upp á sérstakt skógræktarnám undir heitinu Grænni skógar.

Stefnt er að því að byrja í október en námið mun standa yfir í þrjú ár. Garðyrkjuskólinn sér um framkvæmdina en þeir sem koma að málinu

auk skólans eru Skógrækt ríkisins, Landgræðsla ríkisins, Skjólaskógar og Félag skógarbænda á Vestfjörðum.

Námið er ætlað öllum fróðleiksfúsum skógarbændum sem vilja ná árangri í skógrækt. Reynt er að koma við verklegri kennslu og vettvangsferðum.

Olíuleki á Ísafirði

Gasolía lak í bátahöfnina á Ísafirði á mánudag þegar unnið var við dælingu um borð í togskip. Ekki var þó talið að mikið af olíu hefði farið í höfnina. Megn olíufnykur var í miðbæ Ísafjarðar enda var

veður mjög stillt. Mestur mun fnykurinn hafa verið af olíueyði sem starfsmenn hafnarinna notuðu við hreinsun. Erfitt að er hreinsa gasolíu þar sem hún er þunn og dreifist fljótt.

Formannaskipti hjá Smábátafélaginu Eldingu á norðanverðum Vestfjörðum

Hálf dán Kristjánsson kjörinn formaður en Guðmundur heiðursfélagi

Hálf dán Kristjánsson á Flat-eyri var kosinn formaður Smábátafélagsins Eldingar á norðanverðum Vestfjörðum á aðalfundi félagsins á Ísafirði um fyrri helgi. Guðmundur Halldórsson í Bolungarvík gaf ekki kost á sér enn á ný eftir fimm ára formannssetu. Á fundinum var hann hins vegar kjörinn heiðursfélagi Eldingar.

Í setningarræðu sinni kom Guðmundur inn á að útlitið væri ekki hjart framundan þar sem árgangar fiskistofna frá árinu 2000 væru mjög lélegir og allt að því fyndust ekki. Þá sagði Guðmundur að rangt sé

að Vestfirðir hafi farið illa út úr kvótakerfinu vegna þess að þeir hafi selt frá sér kvótann.

„Árangursleysi kvótakerfisins en ekki skipting þess er að leggja strandbyggðirnar í rúst“, sagði Guðmundur. „Ef sama magn af botnfisktegundum væri enn til staðar á Vestfjörðum og þegar kvótakerfið var lagt upp værum við í góðum málum. Núverandi fiskveiðistjórn byggist á kvótakerfi og tillögum Hafrannsóknastofnunar. Annað hvort eru vísindamenn Hafrannsóknastofnunar á rangri siglingu eða kerfið hefur brugðist.



Frá Ísafjarðarhöfn.

Lítill hluti landsmanna skilur út hvað kerfið gengur. Fiskveiðikerfi sem nær ekki árangri og þjóðin sættir sig ekki við getur ekki gengið til fram- búbáð án stórtækra breytinga“, sagði Guðmundur.

Meðal annars var á fundinum mótmælt niðurskurði steinbítskvótans. Einnig voru gerðar tillögur sem lagðar verða fram á aðalfundi Landsambands smábátaeigenda.

– thelma@bb.is

LL senn 40 ára

Litli leikklúbburinn á Ísa- firði boðar til framhalds- og aðalfundar í Edinborgarhúsi- nu á Ísafirði kl. 20.30 annað kvöld, fimmtudagskvöld. Þar verður meðal annars ákveðið hvaða verke eigi setja upp í vetur. „Litli leikklúbburinn verður 40 ára á næsta

ári og þegar framkvæmdum við Edinborgarhúsið verður lokið getum við verið með uppsetningar í nýja salnum, svo það er margt spennandi framundan“, segir Friðrik Stefánsson, formaður LL. Aðsetur LL verður í Edin- borgarhúsinu í vetur.

Grunnskólinn á Núpi til sölu

Ríkiskaup hafa auglýst til sölu húsnæði Grunnskólans á Núpi í Dýrafirði. Húsið er byggt árið 1975. Stærð skóla- húsnæðisins er um 317 fer- metrar en einnig er í húsinu 173 fermetra íbúð. Bruna-

bótamat eignarinnar er rúm- lega 61 milljón króna og fast- eignamat rúmar 14 milljónir. Tilboð verða opnuð 19. októ- ber.

Engin starfsemi hefur verið í húsinu undanfarin ár.

Byggðakvóti Ísafjarðarbæjar til Þingeyrar sjötta árið í röð?

Sætir harðri gagnrýni en sagt í samræmi við upphafleg áform



Óðinn Gestsson: Trúi því ekki að þessi gjörningur nái fram að ganga.

Ráðgjafafyrirtækið Nýsír sendi á dögnum bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar bréf fyrir hönd Byggðastofnunar, þar sem til- kynnt er að á nýhöfnu fisk- veiðiári verði úthlutað 193 þorskígildistonnnum til Þing- eyrar af þeim 750 þorskígildis- tonnnum sem stofnunin hefur til umráða. Í bréfi Nýsis er óskað álits Ísafjarðarbæjar á því hvort Fjöltnir hf. hafi staðið við þann samning sem í gildi hefur verið. Í bréfinu segir m.a.:

„Byggðastofnun stefnir að því að úthluta þeim byggðakvóta sem kom í hlut Ísafjarðar [þ.e. Ísafjarðarbæjar. Innskot BB] á yfirstandandi fiskveiði- ári, alls 193 þorskígildistonn- um, sem fyrst. Úthlutunin verður byggð á samningi um úthlutun byggðakvóta síðasta fiskveiðiárs sem stofnunin gerði til 5 ára við fiskverk- unina Fjöltni á Þingeyri og Vísi hf. og sveitarfélagið Ísafjörð [þ.e. Ísafjarðarbæ. Innskot

BB]. Gert er ráð fyrir að aðilar fái áfram hlutfallslega sömu úthlutun enda hafi þeir staðið við skilyrði fyrrgreinds sam- nings.

Eins og fram kemur í bréfi Nýsis var upphaflega gerður samningur milli áðurnefndra aðila til fimm ára og er hann nú útrunninn. Bæjarráð Ísa- fjarðarbæjar ákvað á fundi að taka ekki afstöðu til fyrirspurn- ar Nýsis og fól bæjarstjóra að óska eftir því að úthlutun fari ekki fram án tillagna Ísafjarð- arbæjar, þar sem áðurnefndur samningur sé útrunninn.

Á árinu 1999 var umrædd- um byggðakvóta úthlutað til Ísafjarðarbæjar vegna Þing- eyrar, Suðureyrar og Flateyrar. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar ákvað hins vegar að kvótanum skyldi úthlutað öllum til Þing- eyrar í fimm ár vegna slæmrar stöðu atvinnulífs þar. Þessari ákvörðun mótmæltu fisk- vinnslufyrirtæki á Flateyri og Suðureyri og töldu að með því væri meðal annars verið að skekkja samkeppnisstöðu fyrirtækja á svæðinu. Var mál- ið kært til Samkeppnisráðs og síðar til úrskurðarnefndar samkeppnismála en án árang- urs.

Óðinn Gestsson, fram- kvæmdastjóri Fiskvinnslunnar Íslandssögu ehf. á Suðureyri, segir ætlun Byggðastofnunar nú koma mjög á óvart. „Í fimm ár höfum við mátt búa við það óréttlæti að einu fyrirtæki væri afhentur á silfurfati byggðak- vóti sem upphaflega var út- hlutað til þriggja byggðarlaga. Nú þegar sá samningur var loks útrunninn hélt ég satt að

segja að kominn væri tími til þess að Byggðastofnun og bæjaryfirvöld horfðu í kring- um sig og reyndu að bæta fyrir þau mistök sem gerð voru fyrir fimm árum. Það virðist ekki ætlun Byggðastofnunar ef marka má þetta bréf sem borist hefur. Ég trúi því ekki að þessi gjörningur nái fram að ganga því þá eru stjórnvöld komin langt út fyrir þau markmið sem ná átti fram með byggðakvóta á sínum tíma en þau voru að styðja við byggðarlög sem lent höfðu í vanda vegna samdrátt- ar í aflaheimildum. Maður spyr sig hvort þessi gjörningur nú tengist á einhvern hátt kaupum Vísis hf. á hlutabréf- um Byggðastofnunar í Fjölni fyrr á árinu.“

Stefán Þórarinsson ráðgjafi hjá Nýsi hf. segir efni bréfs Nýsis eigi ekki að koma bæjar- yfirvöldum Ísafjarðarbæjar á óvart. „Þegar upphaflegur samningur var gerður til fimm ára var rétt að framlenging um tvö ár kæmi til greina ef staðið væri við öll ákvæði samningsins. Lagasetningin var í upphafi hugsuð til sjö ára og nú eru tvö ár eftir af þeim tíma. Því er ekki óeðlilegt að samningurinn verði fram- lengdur á þeim stöðum þar sem hann hefur haft jákvæð áhrif eins og á Þingeyri. Byggðakvóta þessum var komið á beinlínis til þess að skapa jákvæða mismunun til hagsbóta fyrir þau byggðarlög sem höfðu lent í vanda vegna samdráttar í fiskveiðiheimild- um“, segir Stefán.

Aðspurður hvort umrædd- um byggðakvóta yrði hugsan-

lega úthlutað án tillagna eða í andstöðu við tillögur Ísa- fjarðarbæjar sagði Stefán, að dæmi væru til þess að byggðakvóta stofnunarinnar hefði verið úthlutað með öðrum hætti en sveitarstjórn hefði viljað. Hvort að það gæti gerst í þessu tilviki sagðist hann ekkert geta sagt um en ítrekaði, að um það hefði verið rétt á sínum tíma að samningurinn yrði framlengdur í tvö ár, stæðu menn við ákvæði hans þau fimm ár sem upphaflegi samningurinn gildi.

Stefán varaði við því að blanda saman í umræðunni byggðakvóta Byggðastofnun- ar og þeim byggðakvóta sem úthlutað væri á vegum sjávar- útvegsráðuneytisins. „Hugs- unin með byggðakvóta Byggðastofnunar var sú, að láta fagaðila úthluta aflaheim- ildum með þeim hætti að tryggður yrði marktækur ár- angur í byggðamálum. Að mínu mati hefur það tekist. Því má alls ekki bera þennan kvóta saman við svokallaðan byggðakvóta sem ráðuneytið úthlutar til fjölmargra aðila. Sú úthlutun dreifist svo víða að hún hefur engin áhrif í byggðamálum. Því er mjög mikilvægt að menn ræði byggðakvóta Byggðastofnun- ar út frá þeim forsendum sem gefnar voru í upphafi, þ.e. að styðja við byggðarlög sem lent höfðu í vanda vegna sam- dráttar í aflaheimildum“, sagði Stefán.

Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Byggðastofnunar, segir stefnt að því að úthluta Fiskvinnslunni Fjöltni hf.

byggðakvóta eins og síðustu fimm ár enda hafi verið staðið í einu og öllu við þann samning sem gerður var í upphafi um uppbyggingu atvinnulífs á Þingeyri. Aðalsteinn segir þessa ákvörðun ekki þurfa að koma neinum á óvart. „Þrátt fyrir að ég hafi ekki komið að þessu máli í upphafi, þá veit ég að um það var rétt í upphafi að ef að staðið yrði við samn- ing þann sem gerður var til fimm ára, þá fengi fyrirtækið byggðakvótann þau tvö ár sem nú eru eftir. Aðspurður hvort Byggðastofnun myndi taka til- lit til tillagna Ísafjarðarbæjar ef fram kæmu sagði Aðal- steinn að Byggðastofnun væri að sjálfsögðu tilbúin að ræða allar tillögur en hann ætti ekki von á því að ákvörðun stofn- unarinnar yrði breytt enda hefði verið staðið í einu og öllu við þann samning sem gerður var á árinu 1999. Aðal- steinn hafði ekki heyrt af fyrir- huguðum samruna Búlands- tinds og Fjölnis, sbr. frétt á hér forsíðu, en sagði hann ekki breyta neinu. „Samningurinn var um uppbyggingu atvinnu- lífs á Þingeyri og við hann hefur verið staðið. Hver ereig- andi þess fyrirtækis sem þann samning gerði í upphafi skiptir ekki máli.“

Um spurningu Óðins Gests- sonar, hvort þessi úthlutun nú tengist á einhvern hátt þeirri ákvörðun Byggðastofnunar að selja Vísi hf. allan hlut stofn- unarinnar fyrr á þessu ári, sagði Aðalsteinn engin tengsl vera þar á milli. „Þrátt fyrir að sá samningur sé trúnaðarmál get ég sagt að úthlutun byggða-

kvóta kom þar hvergi nærri“, segir Aðalsteinn.

Pétur Pálsson, stjórnarfor- maður Fjölnis hf. og fram- kvæmdastjóri Vísis hf., stað- festir að í upphafi hafi verið rétt um að fyrirtækið fengi byggðakvótann áfram, yrði staðið við þann samning sem gerður var í upphafi. „Ég hef ekki trú á því að þær umræður hafi farið framhjá nokkrum þeim sem að stofnun fyrir- tækisins kom á sínum tíma. Þessum kvóta var úthlutað til þess að byggja upp atvinnulíf á Þingeyri og það höfum við verið að gera“, segir Pétur.

Fiskvinnslan Fjölnir hf. var stofnuð á Þingeyri í ágúst 1999. Hlutfé fyrirtækisins var í upphafi 400 milljónir króna, samkvæmt frétt Bæjarins besta á þeim tíma. Hluthafar samkvæmt fréttinni voru í upphafi 17. Þeirra stærstir voru Vísir hf. með 195 milljónir, Burðarás hf. með 100 milljónir og Byggðastofnun með 100 milljónir. Aðrir hluthafar voru með mun minni hlut en þeirra á meðal voru þrír þáverandi bæjarfulltrúar Ísafjarðarbæjar og börn tveggja annarra þáver- andi bæjarfulltrúa. Í fyrstu stjórn félagsins voru Pétur Pálsson, Egill Tryggvason og Stefán Guðmundsson. Í fyrstu varastjórn voru Þorsteinn Jó- hannesson og Bjarni Einars- son. Fyrr á þessu ári keypti Vísir hf. aðra hluthafa út úr Fjölni. Á dögnum var síðan tekin sú ákvörðun að stefna að samruna Fjölnis og Búlands- tinds á Djúfavogi eins og kem- ur fram hér í forsíðufrétt.

– hj@bb.is

Jóhannes Bjarni Guðmundsson (Jói Baddi), flugmaður og fyrrum fréttamaður

Býr á Ísafirði en sækir vinnu fyrir sunnan

Ekki eru þeir margir sem láta sér detta í hug að búa á Ísafirði og vinna á suðvesturhorni landsins. Sú er þó raunin með Jóhannes Bjarna Guðmundsson, þrítugan Ísfirðing sem flutti frá sínum æskulóðum fyrir tíu árum í þeim tilgangi að sækja sér menntun. Upphaflega ætlaði Jóhannes Bjarni, eða Jói Baddi eins og hann er yfirleitt kallaður, að mennta sig í tónlist. En áætlanir eiga það til að breytast.

Jói Baddi útskrifaðist sem atvinnuflugmaður fyrir sjö árum og hefur unnið sem slíkur síðan. Frá því að Flugfélagið Ernir hætti starfsemi á Ísafirði hefur verið erfitt fyrir flugmenn að fá starf við sitt hæfi vestra. En það skiptir Jóa

Badda engu, sem um síðustu páska ákvað í samráði við eigin konu sína að flytja vestur.

Valdi Fokkerinn fram yfir RÚV

Jói Baddi bjó á Ísafirði til tvítugs en flutti þá til Reykjavíkur. „Ætlunin var að læra fiðlu- og píanóleik. Ég ákvað svo að læra flug samhliða hinu náminu. Það hafði lengi verið draumur að læra að fljúga og ég lét verða af því að byrja. Það kom á daginn að þetta var svo fjári skemmtilegt að ég hélt alltaf áfram og áfram þar til ég kláraði atvinnuflugmanninn árið 1997.

Mörgum þykir það ekkert sérstaklega góð hugmynd að læra til atvinnuflugmanns. Námið er dýrt og atvinnuöryggi er ekki mikið, sérstaklega



LEGACY



Vestfirðingar athugið!

Lág bílaniðri, kröftugt fjórhjólardríf og sigilt líst Subaru eru meðal ástæðna fyrir einni mestu tryggð við vörumerki sem um getur á Íslandi. Á vetuma þegar allra veðra er von eykur traustur bíllsins og Subaru öryggi þitt til muna. Umboðsaðili Ingvars Helgasonar á Vestfirðum sendir Vestfirðingum öllum hlýjar haustkveðjur.

	Beinaskiptur	Sjálfskiptur
Legacy Stálbatur	2.615.000 kr.	2.710.000 kr.
Legacy Skutbíl	2.710.000 kr.	2.790.000 kr.
Legacy LUX		3.690.000 kr.

Umboðsaðili Ingvars Helgasonar á Vestfirðum
 BlaskóFél.
 Símanagilu 3
 400 Ísafirði
 Sími 456-4540

Ingvar Helgason

www.ih.is



NEW FALL WINTER LOOK 2004/2005

Haust og vetrarlitirnir frá YSL verða kynntir hjá okkur dagana 1. og 2. október.

Litirnir í ár höfða til austurlanda með fallegum tvöföldum augnskuggum, nýjum augnblyöntum, ótrúlegum varalitum og einstökum kinnalit sem bæði skyggir og gefur ljóma.

Verðum með á þessum kynningardögum spennandi kaupauka bæði í litalínunni og kremlínunni.

Veitum 10% afslátt þessa daga, tímapantanir í ráðgjöf og dekur í síma 456-3210.



Sílfurgötu 1
 400 Ísafirði
 Sími 456-3210



ekki um þessar mundir. En þetta hafðist hjá mér, ég var heppinn. Ég fékk strax vinnu í innanlandsflugi en þeir eru ekki margir sem komast strax í svo fína vinnu.

Það vildi þannig til að ég var að vinna á fréttastofu Ríkisútvarpsins á meðan ég var að læra að fljúga. Mér bauðst á sama tíma fastráðning á fréttastofunni og sem flugmaður á Fokkernum. Ég valdi Fokkerinn og afþakkaði hitt starfið.“

Hefur fengið fimm uppsagnarbréf

„Ég var í innanlandsflugi og Grænlandsflugi fyrir Flugfélag Íslands í tvö ár en 2001 fór ég á þoturnar hjá Flugleiðum enda ráðinn þangað í upphafi. Þegar ég var í innanlandsfluginu mönnuðu Flugleiðir Fokkervélnar. Þetta var því rökrétt framhald af innanlandsfluginu, þó ég hafi verið mjög heppinn að fá að fljúga Fokkerunum. Ég vildi ekki hafa misst af þeirri reynslu.

Fljótlega eftir að ég byrjaði á þotunum fóru í hönd erfiðir tímar hjá Flugleiðum og í fluginu almennt. Eftir 11. september það ár varð allur rekstur miklu erfiðari, meðal annars vegna fækkunar farþega og hækkandi tryggingaíðgjalda. Uppsagnir voru tíðar og allt í allt hef ég fengið fimm uppsagnarbréf á þessum árum sem ég hef starfað í fluginu.“

Lítið atvinnuöryggi

„Ég hef þó bara einu sinni þurft að hætta. Þeir vilja skiljanlega tryggja sig þegar útlitið er svart og segja upp fólki. Ef aðstæður breytast meðan uppsagnarfresturinn er ekki útrunninn er uppsögnin dregin til baka og sú hefur oftast verið raunin hjá mér. Samt er náttúrulega mjög óþægilegt að hafa svona hangandi yfir sér. Atvinnuöryggið er ekki mjög mikið.

Veturinn 2002-2003 var uppsögnin ekki dregin til baka. Ég hætti í nóvember en hóf

aftur störf í júní. Í millitíðinni fór ég að vinna á Ríkisútvarpinu, auk þess sem ég flaug í einn mánuð fyrir Air Scotland.“

Getur ekki kvartað mikið

– Varðandi atvinnuöryggið, er þetta ekki hörmulegur bransi að vera í? „Jú, þetta er rosalega ótryggt. Ég get samt ekki kvartað mikið því ég hef verið mjög heppinn. Ég fór að kenna strax eftir að ég útskrifaðist og safnaði þar tímum. Mjög fljótlega fékk ég vinnu í innanlandsfluginu, en oft þurfa menn að eyða fleiri árum og fleiri milljónum í að verða sér úti um reynslu áður en þeir fá almennilega vinnu.“

Vegalengdir afstæðar

– Getur þetta samt ekki verið þreytandi og leiðinleg vinna? Er millilandaflug ekki svolítið eins og akstur strætisvagna? „Nei, ég myndi nú ekki ganga svo langt að segja það. Að sjálfsögðu getur þessi vinna verið leiðinleg eins og önnur, sérstaklega á löngum flugleggjum. Annars er það afstætt hvað er langur flugleggur og hvað ekki. Þegar ég var í innanlandsfluginu fannst mér ofsalega langt að fljúga til Egilsstaða, sem tekur klukkutíma. En núna finnst mér örstutt að fljúga til Glasgow en það flug tekur um tvo tíma.“

Kærkomin tilbreyting

– Hvert ertu að fljúga? Eru menn alltaf látnir fara á sömu áfangastaði? „Nei, alls ekki. Maður fær bara vaktaplan í hverjum mánuði og sér þá hvert á að fara. Í venjulegum mánuði fer maður kannski 2-3 flug til Bandaríkjanna og 5-6 til Evrópu. Síðan koma oft leigutúrar sem brjóta þetta svolítið upp. Þá fer ég oft til staða sem ég hef aldrei komið til áður. Það er mjög

kærkomin tilbreyting.“

Lengi staðið til að flytja vestur

– Nú voruð þið fjölskyldan að flytja aftur til Ísafjarðar. Hvernig kom það til? „Þetta er lengi búið að vera á döfnni hjá okkur. Við vorum nálægt því að gera þetta í fyrra en einhvern veginn gekk það ekki upp. Núna um páskana vorum við að keyra á Ströndunum og fórum að tala um hvað það væri fínt að vera á Ísafirði, laus við allan skarkallann í borginni. Þá eiginlega ákváðum við að láta bara verða af þessu.

Berglind kona mín er leikskólakennari og það var lítið mál fyrir hana að fá vinnu í bænum. Við sáum heldur ekki eftir þeim peningum sem við þurftum að eyða í hús því fyrir vestan færðu fínt einbýlishús fyrir brot af því verði sem gildir fyrir sunnan.

Börnunum líður mjög vel á Ísafirði. Stelpa er að byrja í 3. bekk í grunnskóla og strákurinn, sem er eins og hálfs árs, er byrjaður á leikskóla.“

Tekur „rútu“ í vinnuna

– Verður ekki erfitt að búa á Ísafirði og starfa í Keflavík? „Það held ég ekki. Ég vinn í skorpum, er kannski að í tvær til þrjár vikur en á þá gott frí í viku eða tvær þar á eftir. Í verstu tilfellunum verður þetta kannski eins og að vera sjómaður á frystitogara. Það er náttúrulega engin reynsla komin á þetta ennþá en ég held að þetta verði ekkert mál. Ég gerði þetta náttúrulega allt í góðu samráði við mína vinnuveitendur. Þeim er sama hvar ég bý, svo lengi sem ég skila mér í vinnuna á réttum tíma. Flugmenn Flugleiða hafa til dæmis búið á Akureyri svo að ég ætti alveg að geta búið á Ísafirði. Ég lít eiginlega á það þannig að ég þurfi að taka rútu í vinnuna, nema í staðinn fyrir rútu

tek ég Fokkerinn suður. Það tekur ekki nema 40 mínútur, sem skiptir ekki miklu þegar maður er að fara í nokkurra vikna útlegu.

Ég þarf náttúrulega að fylgjast vel með veðurspá og jafnvel fara degi fyrr ef spáin er slæm. Þá hef ég aðgang að ágætu herbergi hjá frænku minni fyrir sunnan og þar hangir vinnugallinn. Og ef allt bregst, þá á ég marga góða vini hjá Flugleiðum sem gætu leyst mig af.“

Flugkennsla á Ísafirði

Ekki leið langur tími frá því Jói Baddi ákvað að flytja vestur og þar til búið var að munstra hann í flugkennslu. „Ég hafði ekki ætlað mér að kenna flug fyrir vestan. En hér búa menn sem keyptu sér flugvél fyrir ári og hafa lítið getað notað hana þar sem þeir eru ekki með próf. Í samstarfi við flugskóla Geirfugls höfum við fengið vélina gilda sem kennsluvél og hefjumst brátt handa við kennsluna. Ég er mjög spenntur fyrir þessu, það er gaman fyrir mig að fá að fljúga eitthvað fyrir vestan.“

Kemur Flugfélagið Ernir heim?

„Svo er draumurinn að reyna að endurvekja flugrekstur á Ísafirði. Ég er flugrekstrarstjóri hjá Flugfélaginu Erni sem starfaði um áratugaskeið á Ísafirði. Þar á bæ er mikill áhugi fyrir því að koma aftur með hluta af starfseminni heim, ef svo má kalla. Ég held það séu miklir möguleikar í flugi á Ísafirði. Ferðamannaþjónustan hefur vaxið svo gífurlega að undanförunu og komum skemmtiferðaskipa hefur fjölgað margfalt. Ég held að það sé engin spurning að það er markaður fyrir flugrekstur í bænum, þó að hann þurfi ekki að vera fyrirferðarmikill.“

– halfdan@bb.is

Nýr læknir á Ísafirði

Dr. Fjölur Freyr Guðmundsson meltingarfæra-skurðlæknir hefur ráðist til starfa við Heilbrigðisstofnunina Ísafjarðarbæ. Hann er fæddur á Akureyri árið 1966, lauk stúdentsprófi 1986 og útskrifaðist úr læknadeild HÍ 1993. Þá hélt hann utan og fékk sérfræðiréttindi í almennum skurðbúa menn sem keyptu sér flugvél fyrir ári og hafa lítið getað notað hana þar sem þeir eru ekki með próf. Í samstarfi við flugskóla Geirfugls höfum við fengið vélina gilda sem kennsluvél og hefjumst brátt handa við kennsluna. Ég er mjög spenntur fyrir þessu, það er gaman fyrir mig að fá að fljúga eitthvað fyrir vestan.“

Noregi. Doktorsnámi lauk hann á liðnu vori og fjallaði doktorsverkefnið um aukinn kviðarholshósti í tengslum við alvarleg slys og sjúkdóma. Fjölur stundaði einnig nám í heilbrigðisstjórnun við viðskiptaháskóla í Bergen. Fjölur er kvæntur Jónínu Guðjónsdóttur og eiga þau þrjú börn. Hann tók til starfa á Ísafirði um síðustu mánaðamót.

Atvinna

Starfsmaður óskast við bílaþríf og ræstingar.
MASSI - ÞRIF ehf. Sími 862 5669.



GÖNGUM TIL GÓÐS 2. OKTÓBER

Laugardaginn 2. október stendur Rauði kross Íslands fyrir landssöfnun til hjálpar börnum sem búa við ógnir stríðsátaka. Sjálfboðaliðar munu ganga í öll hús á landinu og safna fjárframlögum

Skráning sjálfboðaliða fer fram á www.redcross.is og í síma 570-4000.

Söfnunarstöð (nafn) deildar Rauða krossins er á Eitthvaðgötu 99.



Skíðaskálinn Skíðheimar á Seljalandsdal

Ósk um frestun á niðurrifi hafnað



Skíðheimar á Seljalandsdal.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur synjað ósk Héraðsambands Vestfirðinga (HSV) um að fella niður

niðurrifsákvæði í samningi bæjarfélagsins við sambandið um hinn gamla skíðaskála Ísfirðinga, Skíðheima á Selja-

landsdal. Sambandið vildi engu að síður halda þeim fjármunum sem greiddir voru vegna niðurrifsins. Einstaklingur hafði hug á því að halda húsinu við og finna því hlutverk. Mun skálinn því að óbreyttu hverfa sjónum manna innan tíðar.

Í mars var undirritaður samningur milli Ísafjarðarbæjar og HSV þar sem bæjarfélagið með stuðningi Ofanflóðasjóðs samþykkti að greiða sambandinu 5 milljónir króna fyrir niðurrif hússins. Ofanflóðasjóður samþykkti greiðsluna sem lið í fram-

kvæmdum við snjóflóðavarnir í Seljalandshlíð. Í samningunum er kveðið á um að niðurrifi hússins skuli lokið fyrir 1. október 2004.

Í bréfi sem formaður HSV, Ingi Þór Ágústsson bæjarfulltrúi, ritaði bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar í síðustu viku var þess óskað, að ákvæðið í samningnum sem fjallar um niðurrif hússins verði felld niður. Í bréfinu segir m.a.: „Ástæðan fyrir beiðninni er sú að Örn Ingólfsson, Ísafirði, hefur lýst yfir áhuga á því að eignast húsið og sjá svo til um að húsinu verði haldið við og hlutverk fyrir það verði fundið. Það er

vilji innan stjórnar HSV fyrir því að afhenda Erni húsið með ákveðnum skilyrðum. Skilyrðin eru þau að Örn taki að sér að halda húsinu við og finni hlutverk fyrir það. Uppfylli hann ekki þessi skilyrði fyrir 1. október 2006 þá verði húsið rífið á hans kostnað.“

Ingi Þór Ágústsson segir að Ísafjarðarbær hafi fyrir nokkru staðið við sinn hluta samkomulagsins með greiðslu 5 milljóna til HSV. Þegar áhugi hafi síðan vaknað um að finna húsinu nýtt hlutverk hafi verið ákveðið að freista þess að fá frest á niðurrifinu án þess þó að endurgreiða þyrfti þær 5

milljónir sem bærinn hefur greitt samkvæmt samningunum um niðurrifið.

Á fundi bæjarráðs í síðustu viku var þessari beiðni hafnað og bókað að ráðið telji að málinu hafi verið að fullu lokið við gerð samningsins í mars.

Að sögn Inga Þórs gerði HSV samning við Skíðafélag Ísfirðinga um niðurrif skálans enda runnu fjármunirnir sem fyrir niðurrifið komu í uppbyggingu skíðasvæðisins í Tungudal. Því má reikna með því að skálinn verði rifinn alveg á næstunni.

– hj@bb.is

ritstjórnargrein

Með hraða snigilsins

Síðla árs 2001 birtist í Morgunblaðinu grein eftir Svein Jónsson, löggiltan endurskoðanda, þar sem vitnað var til 26 ára gamallar greinar Ólafs heitins Björnssonar, prófessors og þingmanns, „Tekjuskattur – sérskattur á launþega“, en þar sagði meðal annars: „Tekjuskattar, hvort heldur til ríkis eða bæjar- og sveitarfélaga verða í framkvæmd sérskattar á tekjur þeirra er vinna í þjónustu annarra, þar eð aðrir geta nokkurn veginn ákveðið sjálfir skattlagningu sína.“ Í grein sinni sagði Sveinn: „Nú eru liðin 26 ár frá því að þessi blaðagreins Ólafs birtist. Hefur tekjuskatturinn á þessu árabili misst réttnefnið launþegaskattur? Því miður verður að svara því neitandi.“ Hann sagði ennfreður: „Að sjálfsögðu er vegið að rótum réttarríkisins ef stórir hópar í þjóðfélaginu geta ákveðið með hliðsjón af sínum fjárhagslegu hagsmunum að hlíta sumum lögum en öðrum ekki.“ Og: „Með hliðsjón af niðurstöðu opinberrar nefndar á árinu 1993 má áætla að ríflega 20 milljarðar kr. muni ekki skila sér til hins opinbera á árinu 2002 vegna skattsvika.“ Ekki hefur þetta farið lakkandi. Svo ótrúlegt sem það er virðist þetta ekkert ýta við þingheimi!

Á þeim hart nær þrjátíu árum sem liðin eru frá því Ólafur reit grein sína hefur hraði löggjafans í þá átt að leiðrétta ranglætið í skattlagningu verið með hraða snigilsins. Þegar staðgreiðslukerfið var tekið upp orðaði þingmaður það svo, að nú yrði óréttlætið staðgreitt! Svo er enn í dag. Umræðan sem átti sér stað við við framlagningu skattskrár að þessu sinni gefur þó veika von. Margra álit er að þær breytingar sem virðast vera að eiga sér stað í tekjuskattskerfinu og tekjuskiptingu þegnanna kunni að vera tifandi tekjuskattsprengr. Sífellt stækkandi hópar komi sér undan greiðslu eðlilegs tekjuskatts. Vonandi eru menn að átta sig á sannindum orða Ólafs Björnssonar frá því fyrir þremur áratugum, að tekjuskattur er ekkert annað en sérskattur á launþega.

Það vantar ekki að búið er að lækka skatta á fyrirtækjum, lækka hátekjuskattinn og erfðafjárskattinn, að ekki sé minnst á ehf-lögin, sem rýrt hafa tekjur sveitarfélaga um milljarð, jafnvel gott betur, og færðu þúsundum manna sjálfsákvörðunarrétt um skatttekur sínar. Byrðar sérskattsgreiðenda, sem sitja við sama borð og fyrir þrjátíu árum, hafa hins vegar þyngst. Og lífeyrisþega verðlaunar löggjafinn fyrir ævistarfið með því að tvískatta tekjur þeirra með sérskatti launþegans.

Greinilegt er að réttlætissnigill stjórnvalda í skattamálum hefur ekki aukið hraðann svo neinu nemi.

s.h.

orðrétt af netinu

Hverjum er að kenna?

Mikið hefur verið rætt um jafnréttislög og áhrif kvenna í þjóðfélaginu upp á síðkastið. Í kjölfar ákvörðun þingsflokks Framsóknarflokksins þess efnis að kona viki úr ríkisstjórninni urðu hávær mótmæli sem fóru ekki fram hjá neinum. Einnig hefur mikið verið rætt um umsóknir um stöðu hæstaréttardómara en umræðan tengist ráðningu hæstaréttardómara á síðasta ári.

Þá úrskurðaði kærufélag jafnréttismála að brotin hefðu verið jafnréttislög. Öll þessi umræða hefur vakið mig til umhugsunar um hvar á líftímakúrfunni við séum í jafnréttisbaráttunni á Íslandi. Tilfinning mín er sú að við séum komin á svokallað hnignunarstig eða séum að stíga skref aftur á bak þar sem við sjáum karlmennina vaxa. Hverjum er um að kenna? Karlmennum eða okkur, konunum sjálfum?

tikin.is – Halldór Matthíasson

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sölgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 ·
Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is ·
Blaðamenn: Hálfðán Bjarki Hálfðánsson, sími 863 7655, halfdan@bb.is – Halldór Jónsson, sími 892 2132 hj@bb.is – Thelma Hjaltadóttir, sími 849 8699, thelma@bb.is ·
Ritstjóri netútgáfu: Sigurjón J. Sigurðsson · Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is ·
Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasölurverð er kr. 250 eintakið með vsk. Áskriftarverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. ISSN 1670 - 021X

Guðmundur Halldórsson, fráfarandi formaður Eldingar

Segir sjávarútvegsnefnd halla sér að þeim sterku



Guðmundur Halldórsson.

Guðmundur Halldórsson í Bolungarvík, fráfarandi formaður Eldingar, félags smábátamanna á norðanverðum Vestfjörðum, segir sjávarútvegsnefnd Alþingis engan áhuga hafa á málefnum Vestfjarða en vilji hins vegar hitta þá sem mestar aflaheimildir hafi. Þannig útiloki formaður nefndarinnar að ískaldur raunveruleiki kvótakerfisins blasi við nefndarmönnum.

Sjávarútvegsnefnd hefur á undanförunum árum farið í árlegar ferðir um landið. Í vor sendi stjórn Eldingar nefndinni bréf þar sem henni var boðið í heimsókn til Vestfjarða. Í bréfinu segir m.a.: „Borist hafa fréttir af fyrirhugaðri ferð nefndarinnar til Akureyrar sem er sá staður á landinu er ræður yfir mestum aflaheimildum. Finnst okkur að ferðir nefndarinnar hafi

öðru fremur legið til slíkra byggða. Við teljum nauðsynlegt að háttvirk sjávarútvegsnefnd fái einnig yfirsýn yfir hina minni sem mest hafa misst frá sér og standa því höllustum fæti.“ Í bréfinu lýsir félagið sig reiðubúið til þess að skipuleggja ferð sjávarútvegsnefndar um landshlutann.

Guðmundur Halldórsson kveðst nokkrum sinnum síðla vetrar hafa ítrekað boðið og í lok maí hafi komið skriflegt svar. Þar er boð félagsins þakkað en jafnframt tilkynnt að fyrirhuguð sé ferð til Akureyrar í haust. Í bréfinu kemur fram að nefndin fari í eina ferð um landið á ári og ekki liggi ljóst fyrir hvort hægt verði að fara til Vestfjarða í sömu ferð en haft verði samband við félagið í haust og gefið endanlegt svar. Guðmundur kveðst í vor hafa rætt málið við Guðjón Hjörleifsson, formann sjávarútvegsnefndar, og þá hafi hann borið við fjárskorti nefndarinnar. Í síðustu viku hafi nefndin hins vegar verið stödd á Akureyri án þess að endanlegt svar hefði borist um hugsanlega ferð til Vestfjarða.

„Það sýnir auðvitað að stjórnmalámennt hafa engan áhuga á því að koma til þeirra staða sem eiga undir högg að sækja vegna kerfisins. Ég tel að með skipulögðum hætti sé forðast að stjórnmalámennt upplifi hinn ískalda raunveru-

leika kvótakerfisins. Þvert á móti dvelja þeir nú á Akureyri þar sem höfuðstöðvar þess fyrirtækis eru, sem mestan kvóta fékk í sinn hlut með ýmsum sértækum aðgerðum. Ekkert fyrirtæki hefur yfir meiri kvóta að ráða sem tekinn hefur verið frá öðrum með ýmiss konar pólitískri fyrirgreiðslu eins og skipstjórakvóta og fleiru. Sjávarútvegsnefnd vill greinilega halla sér að slíkum fyrirtækjum“, sagði Guðmundur.

Í samtali við blaðið sagði Guðjón Hjörleifsson, formaður sjávarútvegsnefndar, það misskilning hjá Guðmundi Halldórssyni að nefndin hafi engan áhuga á því að heimsækja Vestfirði. „Sjávarútvegsnefnd fer í tveggja daga ferð einu sinni á ári. Við viljum heimsækja hagsmunaaðila um

allt land og það var því miður ekki komið að Vestfjörðum. Það var fyrir löngu ákveðið að heimsækja Norðurland enda langt síðan það hefur verið gert. Síðan eigum við eftir að heimsækja Snæfellsnes og suðurfirði Vestfjarða“, sagði Guðjón.

Aðspurður hvers vegna hugsanleg heimsókn til Vestfjarða hafi ekki verið afboðuð með afgerandi hætti sagði Guðjón: „Ég var erlendis þegar Guðmundur var að reyna að ná í mig þannig að það gæti hafa verið um misskilning að ræða með afboðun. Bréfið sem sent var til Eldingar í vor var með þeim hætti, að litlar líkur væru á því að við kæmumst á Vestfirði þetta árið og Guðmundur Halldórsson vissi það.“

– hj@bb.is



Infúenzubólusetningar hefjast á heilsugæslustöðvunum mánudaginn 4. nóv.

Á Ísafirði kl. 14-15:30 alla virka daga, á Suðureyri og í Súðavík á venjulegum stofutímum læknis og á Flateyri og Þingeyri á opnunartímum heilsugæslustöðvanna.

Munið að panta tíma. Verð kr. 310 auk komugjaldsins.

Hjúkrunarforstjóri.

Arndís Ásta Gestsdóttir og Þorsteinn Árnason skrifa

Kveðja til vina og kunningja á Vestfjörðum

Kæru vinir og kunningjar á Vestfjörðum. Það var með gleði og eftirvæntingu í huga sem við fluttum búslóð okkar í Mjólkárvík í lok ágúst 2003. Steini búinn að fá fast starf og í ráðningarsamningi hans stóð „ráðinn til frambúðar“. Okkur fannst við hafa fengið „lottóvinning ævi okkar“. Hér fengjum við bæði húsnaði og Steini örugga vinnu. Einnig fannst okkur skemmtilegt að hitta vini og kunningja aftur og endurnýja gömul kynni frá því við bjuggum á Ísafirði á árunum 1977-1983. En í lok maí 2004 barst honum svo bréf, og er hluti bréfsins hér orðréttur: „Stjórndendur Orkubús Vestfjarða hafa ákveðið að endurskoða fyrirkomulag alls rekstrar Mjólkár-

virkjunar og er sú ákvörðun tekin í ljósi þeirra breytinga sem verða með gildistöku nýrra raforkulaga. Nú þegar hefur verið ákveðið að fullnægja mannaflapörf virkjunarinnar að hluta með samnýtingu starfsmanna Orkustöðvar á Ísafirði og fækka um einn starfsmann í Mjólkárvík. Þér, Þorsteini Árnasyni kt. 040751-3789, er því sagt upp starfi vélstjóra við Mjólkárvík og er uppsagnarfrestur 3 mánuðir frá næstu mánaðamótum að telja.“

Þetta var geysilega mikið áfall fyrir okkur. Í Arnarfirðinum leið okkur sérstaklega vel, og hefðum gjarnan viljað fá dvelja þar áfram. Ekki hvarflaði það að okkur þegar við tókum þá ákvörðun að flytja

þangað að „starf til frambúðar“ þýddi **eitt ár**.

Þar sem löngu var búið að raðaðið sumarleifum þeirra þriggja manna sem starfa í Mjólkárvík var Steini sendur í sumarleyfi í júní með glóðheitt uppsagnarbréfið í vasanum. Það var ekki hægt að segja að þetta langþráða sumarleyfi væri fullt af gleði og bjartsýni. Vikurnar fóru í að leita að annarri vinnu og huga að nýjum samastað og væntanlegum flutningum.

Þetta er ástæða þess að við höfum nú yfirgefið Vestfirðina. Þessum breytingum hjá okkur fylgir bæði tregi og talsverð sárindi. Leið okkar liggur í Borgarfjarðarsveit. Steini hefur fengið vinnu hjá Orkuveitu Reykjavíkur og er með

vinnuáðstöðu í Borgarnesi. Við fáum leiguhúsnæði við Andakílsárvirkjun í húsinu Árnasi. Heimasími okkar er 4386777. Netföngin okkar eru disagests@yahoo.com eða star@emax.is

Að lokum biðjum við fyrir kærar kveðjur til allra vina okkar og kunningja og þökkum allt of fáar en góðar samverustundir á árinu. Við biðjum þess einnig að ykkur muni öllum ganga vel, og að byggðir á Vestfjörðum dafni á ný. Þar er gott mannlíf og gott að búa. Vonumst til að sjá ykkur og/ eða heyra frá ykkur sem flestum þó svo lengra sé á milli okkar aftur.

Með bestu kveðju. Dís og Steini.

Bolvíkingar
rukkaðir



Bolungarvíkurkaupstað hefur borist reikningur frá Sambandi tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEF) að upphæð um 200.000 krónur. Þar er rukkað vegna tveggja viðburða í Bolungarvík, hins árlega Markaðsdags og Sumargleðinnar 2004 sem var samstarfsverkefni Heilsubæjarins Bolungarvíkur, UMFB og íþróttamiðstöðvarinnar Árbæjar. „Reikningurinn kom okkur í opna skjöldu og upphæðin var ekki í þeim áætlunum sem gerðar voru“, segir Einar Pétursson bæjarstjóri. Fram kemur á reikningnum að 2.000 manns hafi verið á Markaðsdeginum en samkvæmt upplýsingum bb.is voru þar ekki fleiri en 1.000 manns. „Ég mun tala við fulltrúa STEF og reyna að komast að því hvar þeir fá þessar tölur“, sagði Einar.

Andstaða við gerð snjóflóðaskápa á Kirkjubólshlíð í Skutulsfirði

Ný jarðgöng við Djúp komin til alvarlegrar umræðu

Fyrirhugaðar framkvæmdir Vegagerðarinnar við gerð svokallaðra snjóflóðaskápa á Kirkjubólshlíð í Skutulsfirði (á leiðinni með firðinum að austanverðu) hefur hrundið af stað mikilli umræðu meðal sveitarstjórnarmanna við Djúp um hugsanlega jarðgangagerð og frekari samvinnu og sameiningu sveitarfélaga. Umræðan hófst með þeim ummælum Guðna G. Jóhannessonar, formanns bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, í sjónvarpsviðtali þar sem hann sagði að gerð skápanna væri tímasekkja og myndi valda mikilli sjónmengun. Hann lýsti þeirri skoðun að framtíðartenging á milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar yrði að vera um jarðgöng. Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 16. september tóku bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar, Bryndís G. Friðgeirsdóttir og Lárus G. Valdimarsson, undir orð Guðna Geirs og létu bóka efasemdir sínar um þessa framkvæmd út frá samgöngulegum og umhverfislegum sjónarmiðum.

Töldu þau óeðlilegt að Vegagerðin hafi ekki samráð við bæjaryfirvöld Ísafjarðarbæjar. Einnig óskuðu þau eftir því að framtíðaráætlanir Vegagerðarinnar um tengingu milli Súðavíkur og Ísafjarðar verði kynntar fyrir sveitarstjórnarmönnum í Súðavík, Ísafjarðarbæ og Bolungarvík. Í framhaldi af bókun bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar lagði Halldór Halldórsson bæjarstjóri fram bókun þar sem sagði að gerð snjóflóðaskápanna hefði komið fram í skýrslu um öryggismál Djúpvegar milli Súðavíkur og Bolungarvíkur sem kynnt var sveitarfélögunum við Djúp árið 2002. Í þeirri skýrslu komu fram tillögur að því hvernig auka mætti öryggi vegfarenda á leiðum milli Bolungarvíkur og Súðavíkur. Þá kom fram í bókun bæjarstjóra að Vegagerðin hefði ekki enn sótt um framkvæmdaleyfi fyrir snjóflóðaskápum en muni auðvitað þurfa þess áður en farið verður í slíkar framkvæmdir.



Hugsanlegir jarðgangakostir á svæðinu milli Bolungarvíkur og Súðavíkur eru dregnir inn á þetta kort.

Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps, fagnaði yfirlýsingu Guðna Geirs um jarðgöng á milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar. Taldi hann slíka framkvæmd án efa breyta hugarfari íbúa Súðavíkurhrepps til hugsanlegra sameininga sveitarfélaga á svæðinu. Í skýrslu sem stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga lagði fyrir Fjórðungsþing nýlega um sameiningarkosti sveitarfélaga kom mjög skýrt fram í niðurstöðum viðhorfskönnunar sem gerð var, að íbúar Súðavíkurhrepps eru mjög mótfallnir sameiningu við önnur sveitarfélög. Ómar sagði vilja íbúa Súðavíkurhrepps í sameiningarmálum mjög skýran. Íbúar vilji standa vörð um sveitarfélagið miðað við núverandi aðstæður og þar vegi samgöngur þungt. „Því fagna ég yfirlýsingu formanns bæjarráðs Ísafjarðarbæjar. Hann opnar þar möguleika sem ég tel vert að skoða af alvöru. Hugsanleg sameining sveitarfélaga verður að byggjast á raunhæfum kostum og samgöngur hér verða að vera með þeim hætti að eðlileg samskipti geti átt sér stað milli svæðanna. Að mati íbúa Súðavíkurhrepps eru slíkar aðstæður ekki fyrir hendi í dag og munu ekki breytast þó svo að öryggið verði aukið lítillega með gerð snjóflóðaskápa. Það

vekur einnig upp spurningar um hversu vel þeim fjármunum sé varið“, sagði Ómar. Aðspurður hvort umræður um hugsanleg göng milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar breyti einhverju í umræðunni um sameiningu sveitarfélaga sagði Ómar: „Í umræðu um hugsanlegar sameiningar er mikilvægt að horfa á hvað sé Súðavíkurhreppi og íbúum sveitarfélagsins fyrir bestu. Við teljum miklar líkur á að sameining við óbreytt ástand í samgöngumálum veiki byggðarlagið á mörgum sviðum en styrki það ekki. Því er eðlilegt að við hugsanlega sameiningu fylgi framfarir í samgöngum sem geri íbúum hér mögulegt að sækja aukna þjónustu á milli staða og að hafa samstarf milli skóla, sem er eðlileg framvinda, komi til sameiningar. Hugmyndir formanns bæjarráðs Ísafjarðar um göng milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar eru því mjög ánægjulegar. Ég er þess fullviss að skapist pólitískur grundvöllur til slíkra framkvæmda muni afstaða Súðavíkinga breytast til sameiningarmála og íbúar hér muni horfi öðrum augum til Ísafjarðarsvæðisins þegar kominn er hættulaus og 9 km styttri vegur á milli fjarðanna.“ Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar í síðustu viku var síðan áðurnefnd skýrsla frá árinu

2002 kynnt að nýju. Bæjarráðið bókaði að það legði áherslu á að full ástæða væri fyrir sveitarfélögin við Djúp að knýja á um jarðgöng, því þau séu eini raunhæfi valkosturinn með tilliti til öryggis í samgöngumálum á milli byggðarlaga á svæðinu. Þá kom fram að sveitarfélögin eigi að taka höndum saman og setja umrædd jarðgöng á svæðisskipulag. „Bættar og öruggar samgöngur styrkja Ísafjörð sem byggðakjarna fyrir Vestfirði“, segir í bókun ráðsins. Þá óskaði bæjarráð Ísafjarðarbæjar eftir fundi með Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurhreppi vegna samgöngumála og annarra sameiginlegra hagsmunamála. Því er engu líkara en hugsanleg gerð snjóflóðaskápa á Kirkjubólshlíð hafi kallað fram uppsafnaða löngun manna við Djúp í jarðgöng milli staða. Með því verði hættulausar samgöngur milli byggðarlaga tryggðar. Um leið má draga þá ályktun, að nýsamþykkt stefnumótun Fjórðungsþings Vestfirðinga í samgöngumálum (sjá úttekt á bls. 10) sé að nokkru leyti orðin úrelt áður hún hefur verið kynnt fyrir íbúum. Hvort óskir manna um jarðgöng við Djúp ná fram að ganga mun tíminn leiða í ljós.

– Halldór Jónsson.

Fasteignasala

Tryggvi Guðmundsson hdl.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Sími: 456 3244
Fax: 456 4547
Netfang: eignir@tg.is
Heimasíða: www.tg.is

Einbýlishús/ráðhús:

Seljalandsvegur 85: 118 m² nýlega uppgert einbýlishús á einni hæð ásamt kjallara að hluta. Verð 4,9 m.kr.

Hrannargata 8A og 8B: 78 m² einbýli á tveimur hæðum ásamt 46 m² viðbyggingu. Verð 6,3 m.kr.

Sundstræti 39: 227,2 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara og nýjum bílskúr. Mikild uppgert. Verð 12,0 m.kr.

Dalbraut 13: 177 m² steinsteypt einbýlishús á einni hæð með stórum bílskúr. Verð 10,5 m.kr.

Sunnuholt 1: 277,5 m² glæsilegt einbýlishús á 5 pöllum ásamt bílskúr og grónum garði. Verð 16 m.kr.

Urðarvegur 76: 196 m² endarúðarhús á tveimur hæðum. Gott útsýni. Verð 13,2 m.kr.

4-6 herbergja íbúðir:

Aðalstræti 19: 126 m² fjögurra til fimm herbergja íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi. Verð 7,8 m.kr.

Vegna mikillar sölu á stærri eignum undanfarið vantar okkur eignir á söluskrá. Mikið er spurt eftir einbýlis- og raðhúsum í Holtahverfi sem og stærri eignum á eyrinni.

Fjarðarstræti 32a: 113 m² 5 herbergja íbúð á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi ásamt bílgeymslu. Tilboð óskast

Stórholt 11: 122,9 m² 4ra herbergja íbúð á 3.h.t.v. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu og bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð 8 m.kr.

3ja herbergja íbúðir:

Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3ju hæð til hægri í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Skoða öll tilboð. Mögul. að taka bíl uppí. Áhv. ca. 3 m.kr. Verð 5,5 m.kr.

Fjarðarstræti 38: 3ja herb. íbúð á 3. h. í fjörb.húsi, íbúðin er að hluta undir risi. Skráð 49,1 m² í fasteignamati, en er ca. 79 m² að gólfleti. Verð 4,5 m.kr.

2ja herbergja íbúðir:

Sundstræti 34: nýleg 2ja herbergja íbúð á 1.hæð í nýuppgerðu fjölb.húsi. Verð 5,9 m.kr.

Pólgata 4: 76 m² íbúð á jarðhæð í fjörb.húsi Verð 2,7 m.kr.

Atvinnuhúsnæði:

Thai Koon: 63 m² nýtt verslunarhúsnæði og veitingastaður

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.tg.is



Tækifærin eru í okkar höndum

Torfi Jóhannsson útskrifaðist úr Menntaskól-
anum á Ísafirði 1998 og hélt þaðan í nám í
rekstrarfræði á Bifröst. Líf hans hefur sannar-
lega tekið stakkaskiptum undanfarin tvö ár eftir
að hann fluttist aftur á heimaslóðir á Ísafirði þar
sem hann er fæddur og uppalinn. Meðal annars
bauðst honum óvænt ásamt Björgmundi Erni
Guðmundssyni að taka við rekstrinum á hinu
gamalgróna bygginga- og verktakafyrirtæki
Ágústi og Flosa ehf. Síðan hefur fyrirtækið verið
í örum vexti og starfsmannahald tvöfaldast.
Byggingar rísa óðum og ný verkefni bætast við
og Torfi virðist vera á grænni grein. Þó hefur
hann tíma til að sinna helstu áhugamálum sín-
um og situr í íþrótt- og æskulýðsnefnd Ísa-
fjarðarbæjar og er varaformaður stjórnar KFÍ.
Hann er því með fingurinn á púlsinum í ýmsum
málum sem snerta heimabyggð hans enda er
hún honum mjög kær.

Blaðamaður Bæjarins besta fékk Torfa til að taka sér stutt hlé frá amstri dagsins og segja frá lífinu og tilverunni. Það sem brennur mest á blaðamanninum er spurningin hvornig það atvikaðist að Torfi tók við rekstri fyrirtækis sem hefur vakið athygli fyrir mikinn vöxt frá því að hann og Björgmundur, félagi hans og vinur, tóku við stjórnartaumunum.

– Hvernig kom það til að þú tókst við rekstrinum á þessa gróna fyrirtæki Ágústi og Flosa?

„Það var nokkuð óvænt. Þannig var að Björgmundur bauð mér að vera með eftir að honum var boðið að koma inn

í fyrirtækið. Hann var þá að vinna fyrir mig við uppbygg-
ingu hússins míns og vildi at-
huga hvort ég hefði áhuga á
að fara út í verkefnið með hon-
um. Ég þáði boðið með þökk-
um og leist mjög vel á. Gott
og traust fyrirtæki og ég myndi
hafa gaman af að spreyta mig
í þessum geira. Ég hafði nú
engareynslu í byggingabrans-
anum en þetta var enn eitt atr-
íði í reynslubankann.

Núna ári seinna erum við með helmingi stærra fyrirtæki
í starfsmannahaldi og rekstur-
inn er orðinn töluvert meiri
um sig, til dæmis erum við
með verkefni í Reykjavík,
byggingu íþróttahússins á
Suðureyri og að íhuga verkefni

– segir Torfi Jóhannsson hjá verktakafyrirtækinu Ágústi og Flosa ehf.

á Egilsstöðum. Þegar við tók-
um við voru 20 starfsmenn en
í næstu viku verða þeir orðnir
45 því nú eru fjórir starfsmenn
enn að bætast við. Þrír af þeim
eru lærðir smiðir þannig að
fagmönnum er að fjölga á
svæðinu, sem er mjög jákvætt.
Við sjáum svo bara hvernig
fer.

Við erum mjög bjartsýnir
en það er alltaf hægt að betr-
umbæta. Eitt af því sem mér
var kennt var að ef þú sérð
fram á verkefni 3-6 mánuði
fram í tímann, þá er brjáláð að
gera. Við sjáum fram á næg
verkefni allavega næstu 6
mánuði þannig að það hlýtur
að þýða að það sé alveg snar-
brjáláð að gera. Það er mjög
gott.

Ég held að á síðasta ári hafi
verið ein róleg vika í febrúar.
Það var eina vikan þegar við
vissum ekki alveg hvað við
áttum að gera við alla menn-
ina. Það virðist vera uppgang-
ur á svæðinu. Þegar byrjað er
byggja upp, þá þarf að skapa
nýtt húsnæði eða breyta göm-
lu. Við í byggingabransanum
erum líklega með þeim fyrstu
sem taka eftir að eitthvað já-
kvætt er að gerast og fólk fer
að stækka við sig. Við erum
líka þeir fyrstu sem finna fyrir
því þegar fer að kreppa að. Þá
framkvæmir enginn.

Þenslan er að ná hingað
vestur eins og annars staðar á
landinu og við finnum fyrir
því á jákvæðan hátt. Það má
segja að þegar þenslan fer að

slá, þá slær hún mjög snemma
hjá okkur. Ætli hún byrji ekki
í bönkunum og komi næst til
okkar. Útspil bankanna að
undanförnu er greinilega að
færa líf í fólk. Þar er talað um
lánahækkun upp að 60% og
þar hljóta bankar að meta hvert
hús fyrir sig. Þá komum við
sterkir inn með nýbyggingar.
Bankar hljóta að telja nýbygg-
ingu góða fjárfestingu. Ef hún
er á góðum stað, þá lána þeir
kannski meira fé.

Það verður hugsanlega
reyndin með Wardstún hér á
Ísafirði en þar erum við að
íhuga að fara að byggja nýtt
hús með tíu íbúðum. Að öllum
líkindum munum við geta
boðið upp á möguleikann á
80% fjármögnun frá Lands-
bankanum á þær fasteignir.
Það held ég að geti gefið fólki
mjög góðan byr til að fara af
stað. Þar sér fólk fram á hverju
þarf að ráðstafa á mánuði til
að greiða af lánunum. Þá þarf
fólk ekki heldur að eyða krón-
unum í annan rekstur hússins,
eins og viðhald og slíkt. Eðli-
lega er kostnaður við að halda
við 20 ára gömlu húsi. Þeir
sem fjárfesta í nýju húsnæði
losna við þetta viðhald og þó
þeir borgi meira í dag, þá er
það jafnaði minna ef við legg-
um saman kostnaðinn yfir árin
tuttugu.

Fólk er mikið að spá í þenn-
an þátt, sem betur fer. Þær
krónur sem þú ert að punga út
í dag eru þær krónur sem þú
sparar á næstu árum. Þetta

hentar tveimur hópum mjög
vel. Þar eru annars vegar þeir
sem eru að kaupa sitt fyrsta
húsnæði, hafa lítið fjármagn
en geta fengið 80% lán, eru í
reglulegri vinnu og borga bara
jafnt og þétt af þeim lánum.
Hins vegar eru þeir sem eru
búnir að koma sér vel fyrir og
eiga stórt húsnæði og nenna
ekki að sinna viðhaldinu á því,
eins og skipta sjálfir um þak-
rennur og slíkt. Þá er góður
kostur að geta skipt yfir í
minna húsnæði og eytt sínum
efri árum í rólegheitum á sama
stað.

Það eru líklega þessir tveir
hópar sem hentar mjög vel að
kanna nýja húsnæðið sem við
höfum að bjóða. Það er mis-
munandi hvað fólk vill en
mjög mikill áhugi hefur verið
á húsnæðinu við Wardstún.
Maður treystir náttúrlega ekki
það mikið á markaðinn að geta
farið af stað án þess að vita að
áhugi á húsnæðinu sé til staðar
hjá fólki. Í húsinu sem nú er
komið upp við Wardstún
vorum við búnir að selja helm-
inginn áður en við byrjuðum
að byggja það. Þannig að ef
við erum komnir með vilja-
yfirmýsingar eða staðfestar söl-
ur, þá förum við af stað með
að byggja annað hús þar. Ég
er mjög vongóður að það gerist
fljótlega enda er ég kominn
með tvær viljayfirmýsingar frá
fólki sem vill kaupa. Ef við
fáum þá þriðju förum við byrja
á nýrri byggingu en það verður
bara að koma í ljós hvað úr

verður.“

Ánægðir starfs- menn stuðla að góðu fyrirtæki

– Nú virkar fyrirtækið mjög
samheldið út á við. Er það
raunin?

„Já, samheldnin stendur nú
á gömlum merg. Fyrirtækið er
orðið í dag um 16 ára gamalt
og nokkrir starfsmenn hafa
verið þar frá upphafi. Björg-
mundur sjálfur hefur verið
með annan fótinn í fyrirtækinu
í um það bil 10 ár þannig að
hann þekkir vel til. Nýir starfs-
menn aðlagast fljótt og þægi-
lega. Það byggist allt á góðum
kjarna, sem eru þeir menn sem
hafa unnið þarna í fjölda ára
og vita út á hvað þetta gengur.

Við Björgmundur leggjum
mikið upp úr því að starfs-
mönnum líði vel í vinnunni.
Einn liður í því að hlúa að
vellíðan þeirra var ferð sem
við förum til Króatíu núna í
sumar. Það var alveg meiri-
háttar, það eru svona hlutir
sem halda hópnum saman.
Hérna hefur verið mikil törn
og verkefnin hrannast upp og
því var gott að geta hrist upp í
fólki. Ferðin var frábær leið
til þess. Önnur af þeim leiðum
sem farnar hafa verið til auka
samheldnina var stofnun starfs-
smannafélags. Það er ýmislegt
í gangi hjá okkur og með þenn-
an mikla mannskap þarf að
vera skipulag svo gaman sé í

vinnunni. Vinnan er sem betur fer ekki bara átta til fimm heldur er þörf á miklum samskiptum á milli fólks og því er nauðsynlegt að vera í góðu sambandi við vinnufélagana. Það er til dæmis mjög skemmtilegt að geta gert eitthvað skemmtilegt í tilefni af afmæli starfsmanns eða eitthvað í þá áttina.

Núna erum við að fara út í heilsuáttak. Það mun standa frá 15. september til 15. desember og verðlaun verða veitt fyrir besta árangurinn. Menn eru nú þegar farnir að skora hver á annan að missa kíló – eða bæta þeim á sig, eins og í mínu tilfelli. Það er mikið búið að gera grín að því að margir starfsmenn hafa boðið mér sín aukakíló. En það virkar víst ekki“, segir Torfi og hlær. „En eins og ég segi, þá er mikið lagt upp úr því að fólk hafi gaman af því að vera í vinnunni.

Starfsmannastefna fyrirtækisins er mjög einföld: Hún er sú að hafa vel menntaða starfsmenn. Í dag eru 11 menn að læra trésmíði. Við sendum þá á námskeið, bæði sem eru tengd vinnunni og á ýmis sjálfstyrkingarnámskeið. Það er til að efla fólkið sem einstaklinga því að það hjálpar fyrirtækinu líka. Við vitum vel að ef að starfsfólkinu líður vel, þá á fyrirtækinu eftir að ganga betur. Ánægðir starfsmenn stuðla að góðu fyrirtæki.“

Gerum hlutina sjálfir

– Hver er menntun þín?

„Ég er rekstrarfræðingur frá Bifröst. Þetta er góð blanda hjá okkur. Björgmundur sér um tæknihliðina og ég sé um pappírana. Ég gekk alla mín menntaskólagöngu á Ísafirði og útskrifaðist 1998 og fór þaðan í Bifröst. Þegar ég útskrifaðist þar fór ég suður og vann þar í tvö ár. Ég kom aftur vestur eftir að hafa séð hvernig borgin virkar. Ég er heimakær og þar sem mér bauðst að vinna við það sem að ég lærði, þá greip ég tækifærið og stökk aftur vestur. Mér finnst að fólk á mínum aldri sé að snúa aftur heim. Fólk sem fór að heiman til að læra og skoða heiminn veit hvað það hafði þegar það fór. Og það er enn til staðar þegar það kemur aftur. Jafnvel í ríkara mæli, þar sem það er almennt meira líf og meira um að vera bænum nú. Eins og bara sést hjá Menntaskólanum. Það eru stórkostlegir hlutir að gerast þar, mikil aukning og mikið líf. Háskólamenningin er að koma á Vestfirði og það er glæsilegur kostur að geta menntað sig heima fyrir.

Annars hafa allir gott af því að upplifa nýja hluti og læra. Það gerir maður ekki nema að fara úr skelinni og koma sér aðeins í burtu. Það vikkar sjóndeildarhringinn. En þá veit maður hvað maður hafði og það er gott að geta leitað aftur til heimabæjarins ef þess þarf. Hann fer ekkert í burtu. Stefna mín var að öðlast reynslu og spreyta mig á einhverju nýju en alltaf hafði ég augun opin fyrir tækifærum heima fyrir.

Atvinnulífið er ennþá ekki nægilega fjölbreytt. Til dæmis fyrir menn með sams konar menntun og ég hef er vinna ekki á hverju strái. En tækifærið bauðst þegar Íslensk verðbréf opnuðu starfsstöð á Ísafirði og ég var fljótur að grípa það. Þegar góð störf eru í boði, þá hef ég heyrt að margir sækir um og hafi áhuga á að koma aftur. Ef við náum að byggja hér upp háskólalífið eins og gerðist norður á Akureyri, þá munum við auka við atvinnuflórana og þá mun okkar fólk koma heim aftur.

Það er alltaf gaman að heyra af því þegar fjörkálfar bæjarins láta til sín taka, eins og þegar þeir í Fjórðungssambandinu óskuðu eftir stóriðju hingað vestur. Það er mikill hugur í fólki og það hefur gaman af því að vera til og það smitar út frá sér. Fólk verður almennt jákvæðara fyrir landsbyggðinni og snýr aftur.

En allt gengur út á að finna atvinnu. Það er það sem við erum að reyna hjá Ágústi og Flosa, að skapa vinnu við hæfi. Ef fyrirtækið heldur áfram að vaxa og dafna, þá kemur okkur til með að vanta fleira fagmenntað starfsfólk. Ekki aðeins í trésmíði, heldur fagfólk almennt í bygginga- og tækni-geira í bland við aðra starfsmenn. Við erum nú þegar komnir með einn byggingafræðing og iðnfræðing. Vöxturinn liggur náttúrliga í því líka að auka þekkinguna á svæðinu. Það er vonandi að við höldum áfram að vaxa og getum bætt við okkur fagfólki því að það skapar mikil umsvif og við erum nokkuð hjartsýnir. Tækifærin eru algjörlega í okkar höndum, eins og hjá öllum öðrum, og það er undir okkur að nota þau. Það þýðir ekki að bíða og kvarta og kveina heldur að nota það sem við höfum. Það þýðir ekki að bíða endalaust eftir því að einhver annar geri hlutina fyrir okkur, hvort sem það er bærinn eða ríkið eða hver annar sem er. Eða eins og einn snillingurinn sagði: Það er ekki spurning um hvað ríkið og sveitarfélagið geta gert fyrir þig, heldur hvað þú getur gert fyrir þau. Þannig hugsum við allavega hjá Ágústi og Flosa, að bæta bæði hag okkar og samfélagsins.

Eitt af því er húseiningaverksmiðjan. Hún skapaði átta störf. Lífsheimspeki okkar Björgmundar, og að mér sýnist annarra í fyrirtækinu, er að við erum ekkert að bíða eftir því að aðrir geri hlutina fyrir okkur heldur gerum við þá sjálfir. Við ætluðum í fyrstu að flytja inn einingarnar frá Slóveníu en eftir að hafa skoðað hlutina sáum við að við gátum alveg framleitt þær sjálfir. Jafnvel á hagkvæmari hátt. Ég held að við höfum fengið meira út úr því þegar á heildina er litið. Framhaldið lofar góðu. Við erum að fara að smíða sumarbústaði og það er gríðarlegur áhugi fyrir þeim. Við teljum okkur vera vel samkeppnishæfa, sérstaklega varðandi bústaði hér á svæðinu.

Eitt af því er húseiningaverksmiðjan. Hún skapaði átta störf. Lífsheimspeki okkar Björgmundar, og að mér sýnist annarra í fyrirtækinu, er að við erum ekkert að bíða eftir því að aðrir geri hlutina fyrir okkur heldur gerum við þá sjálfir. Við ætluðum í fyrstu að flytja inn einingarnar frá Slóveníu en eftir að hafa skoðað hlutina sáum við að við gátum alveg framleitt þær sjálfir. Jafnvel á hagkvæmari hátt. Ég held að við höfum fengið meira út úr því þegar á heildina er litið. Framhaldið lofar góðu. Við erum að fara að smíða sumarbústaði og það er gríðarlegur áhugi fyrir þeim. Við teljum okkur vera vel samkeppnishæfa, sérstaklega varðandi bústaði hér á svæðinu.



inu, því að það kostar sitt að flytja efnið. Með tilkomu einingaverksmiðjunnar getum við framleitt samkeppnishæfa vöru. Það er okkar trú að það komi til með halda áfram.“

Hvorki hetja né skúrkur á skíðunum

– Nú hefur þú sést í kringum pólitíkina og varst meðal annars á Fönklistanum. Höfðar það til þín?

„Pólitík hefur alltaf verið í blóði mér. Yfir kaffibollanum á heimilinu var alltaf rætt um pólitík þegar ég var að alast upp og ég slapp bara ekkert frá henni. Það eru ekki margir kjarnar í þessu lífi okkar en pólitíkin er einn af þeim. Það er að minnsta kosti mín skoðun. Allir eru pólitískir inni við beinið, sumir segja sína skoðun en aðrir halda henni fyrir sig. Ég hef af ýmsu tilefni látið til mín taka í pólitík. Meðal annars varð ég þess heiðurs aðnjótandi að vera á Fönklistanum þegar hann var hér á sínum tíma. Ég sat í nokkrum nefndum og var varamaður í bæjarstjórn. Sá tími kenndi mér margt og það er ýmislegt í þessum bæjarmálaheimi sem fólk gerir sér almennt ekki grein fyrir hvernig er. Þetta var góð reynsla sem ég bý að enn í dag.

Nú sit ég meðal annars í nefndum fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Það er aðallega af áhuga að ég er varamaður í íþrótt- og æskulýðsnefnd Ísafjarðabæjar en íþróttir eru mitt helsta áhugamál. Ég hef komið

nálægt fótboltanum og skíða-hreyfingunni. Ég er í stjórn Kórfulboltafélags Ísafjarðar. Íþróttir og pólitík eru mín áhugamál og þarna get ég sameinað þetta tvennt.“

– Hefurðu hug á að fara frekar út í pólitík?

„Nei, en sem betur fer veit maður aldrei ævina fyrr en öll er. Ég útiloka ekki neitt en ég sé ekki fyrir mér frama í pólitík, allavega ekki á næstunni. Eins og staðan er í dag einbeiti ég mér að fyrirtækinu. Það er í nógu að snúast að reka stórt fyrirtæki og maður þarf að sinna því hundrað prósent. Þá verður annað að bíða síns tíma og maður sinnir bara helstu áhugamálunum. Ég hef einnig íþróttaáhugann í blóðinu og reikna með að sleppa aldrei alveg hendinni af slíku. Bæði hef ég gaman af því að fylgjast með flestöllum íþróttum og stunda þær sjálfur. Ef eitthvað er hægt að spá í framtíðina, þá er víst að ég verð í íþróttum að einhverju leyti. Ég hef ákaflega gaman á að horfa á kjarnaiþróttir eins og fótbolta og handbolta. Fyrst ég lét hafa mig út í að vera í stjórn KFÍ sem áhugamaður um kórfulbolta er mér annnt um velgengni í þessum bæjarmálaheimi sem fólk gerir sér almennt ekki grein fyrir hvernig er. Þetta var góð reynsla sem ég bý að enn í dag.

Ef hægt er að láta gott af sér leiða og stuðla að því að ungmenni séu í íþróttum og almennt í góðri hreyfingu, þá er það hið besta mál. Ekki veitir af, miðað við umræðuna upp á síðkastið um óholtt mataræði og óheilbrigði.

Ég æfði skíði fram á fimm-

tán ára aldur og tók þátt í öllum mótum. Hægt er að segja að ég hafi staðið mig svona bærillega – ég var engin hetja en enginn skúrkur heldur. Sömu sögu er að segja um fótboltann sem ég stundaði upp alla yngri flokkana. Síðan hef ég bara verið að dútla mér í íþróttum. Ég hef engar hetjusögur að segja af afrekum mínum, nema þá kannski að hafa lagt stund á flestallar íþróttagreinar sem hafa verið í boði á Vestfjörðum. Ég er alæta á íþróttir og það er ekkert eitt ákveðið sem heldur mér föstum.“

Fljótt að spinna upp á sig

– Nú gerðirðu upp húsið sem þú býrð í. Tengist það byggingarvinnunni?

„Þetta ævintýri mitt varðandi Ágúst og Flosa byrjaði þannig, að ég keypti fasteignina að Hafnarstræti 14 af Vélbátaábyrgðarfélagi Ísfirðinga, sem nú er í eigu Sjóvá-Almennra. Ég bjó sjálfur í húsinu í 7-8 ár og það var búið að reyna selja það í einhvern tíma. Í einhverju hugmyndakastinu ákvað ég að bjóða í það og fékk það á sanngjörnu verði. Þá réðst ég í að breyta húsinu og meðal annars setti ég utan á húsið þennan hringstiga sem vakið hefur mikla athygli. Fólk spyr oft hvort þetta sé ekki fullstór og mikill flóttastigi og því krossbregður þegar ég svara því til að stiginn sé að aðalinnganginum. Þá er ég oft spurður hvort fólk fái ekki svimaköst að þríla svo hátt

upp. Ég sem sagt gerði húsið upp og leigi tveimur verslunum neðstu hæðina og leigi út miðhæðina en sjálfur bý ég á efstu hæð.

Þannig réðust atvikin að við Björgmundur fórum að starfa saman við endurgerð hússins og tveimur árum seinna erum við eigendur Ágústs og Flosa. Það var fljótt að spinna upp á sig. En eins og ég segi, þá veit maður aldrei framtíð sína. Það getur ýmislegt gerst í dag eða á morgun. Mig óraði ekki fyrir því þá að ég myndi fara út í rekstur. Ég var bara að vinna hjá Íslenskum verðbréfum þegar tækifærið bauðst. Þá var bara að hrökkva eða stökkva og ég er vanur að stökkva ef að það er í boði. Það æxlaðist mjög vel og ég bíð spenntur eftir framtíðinni.“

– Óraði ykkur fyrir því að þið væruð þar sem þið eruð í dag þegar þið Björgmundur fóruð út í reksturinn?

„Nei, það sáum við ekki fyrir. Upprunalega hugmyndin var að halda í horfinu, vera með þann mannskap sem var til staðar í fyrirtækinu og reyna að fá meira út úr því sem fyrir var. Síðan hafa hlutirnir vaxið og við tekið þá ákvarðanir að stækka, því að þar höfum við séð tækifærin. Við erum í góðum málum næstu þrjá til sex mánuði og svo er bara að bíða og sjá hvað framtíðin ber í skauti sér“, segir Torfi Jóhannsson, sem svo sannarlega hefur staðfest máltækið að enginn veit sína ævina fyrr en öll er.

– thelma@bb.is

Starfshópur Fjórðungssambands Vestfirðinga vill jarðgöng úr Dýrafirði í Vatnsfjörð í einni framkvæmd


Stefnubreyting í samgöngumálum

Á Fjórðungsþingi Vestfirðinga í byrjun þessa mánaðar var samþykkt stefnumótun í samgöngumálum, sem lögð var fram af starfshópi sem Fjórðungssamband Vestfirðinga skipaði í febrúar á þessu ári. Aðalmenn voru Birna Lárusdóttir (Ísafjarðarbæ), Lárus G. Valdimarsson (Ísafjarðarbæ), Ómar Jónsson (Súðavíkurbæ), Sölvi R. Sólbergsson (Bolungarvíkurkaupstað), Björn F. Hjálmarsson (Hólmavíkurbæ), Lilja Magnúsdóttir (Tálknafjarðarbæ) og Þórólfur Halldórsson (Vesturbyggð). Á fyrsta fundi var Birna Lárusdóttir kjörin formaður hópsins. Einnig var samþykkt á fyrsta fundinum að þeir varamenn, sem kæmu úr sveitarfélögum sem ekki ættu aðild að hópnum, tækju þátt í störfum hans. Þeir voru Jenný Jensdóttir (Kaldananesbæ), Sigurður Jónsson (Broddaneshreppi) og Einar Örn Thorlacius (Reykholabæ).

Hópnum var ætlað að endurskoða fyrri samþykktir Fjórðungssambandsins í samgöngumálum. Hann tók þegar til starfa á liðnum vetri og lauk verki sínu á tilsettum tíma í júlímánuði.

Tillögur í vegamálum

Það sem jafnan vekur mesta athygli þegar fjallað er um samgöngumál á Vestfirðum



Kort nr. 2. Hér má sjá hugmynd að göngum úr Arnarfirði í Vatnsfjörð. Annars vegar um Geirþjófsfjörð og hins vegar beint í Vatnsfjörð.

eru tillögur í vegamálum. Í gegnum tíðina hafa vegamálín líka ávallt tekið mikinn tíma í umræðum þingmanna og sveitarstjórnarmanna.

Í skýrslu starfshópsins er fyrst rætt hvað áunnist hefur hin seinni ár og tekið mið af stefnumótun Fjórðungssambandsins frá árinu 1997. Um hana segir m.a. svo:

„Í skýrslunni var Vestfirðum skipt upp í fjögur samgöngusvæði (Reykholahreppur, Vestur-Barðastrandarsýsla, norðanverðir Vestfirðir og Strandasýsla) og fyrst í forgang í samgöngumálum var að ljúka vegagerð milli þéttbýlisstaða, flugvalla og ferju-bryggja innan hvers svæðis. Gert var ráð fyrir því að þeim verkefnum lyki árið 2001. Þessum flokki var að fullu lokið á norðanverðum Vestfirðum með lagningu vegar um Gemlufallsheiði. Á Reykhólasvæði lauk honum með vegi um Barmahlíð. Í Vestur-Barðastrandarsýslu er að mestu lokið vegagerð um Kleifaheiði að Flókalundi, en ólokið er kafla á Örylgshafnarvegi að Patreksfjarðarflugvelli. Í Strandasýslu er lokið vegagerð um Fellabök en vegurinn um Selströnd að Drangsnesi á enn langt í land. Næst í forgang voru tvö stórverkefni, annars vegar á Djúpvegi í Ísafjardardjúpi og hins vegar á Vestfjarðavegi milli Flókalundar og Bjarkalundar.

Má heita að nú sjái fyrir endann á vegagerð í Ísafjardardjúpi. Þegar vegagerð í Álftafirði, Hestfirði og Skötufirði lýkur í haust verður enn ólokið veglagningu út vestanverðan Ísafjörð og þverun Reykjafjarðar og Mjóafjarðar. Mun lengra er í land á Vestfjarðavegi milli Flókalundar og Bjarkalundar. Þar er vegagerð þó nær lokið um Vattarfjörð, Skálmarfjörð og Klettsháls að Eyri í Kollafirði. Hins vegar er ólokið vegagerð frá Kollafirði að Bjarkalundi en á þeirri leið eru fyrirhugaðar þveranir þriggja fjarða í Gufudalssveit, Gufufjarðar, Djúpafjarðar og Þorskafjarðar. Þær þveranir, ásamt þverun Mjóafjarðar og Reykjafjarðar, eru háðar mati á umhverfisáhrifum. Ákvörðun af hálfu Vegagerðarinnar um framkvæmdir við nýjan veg, Tröllatunguveg, um Arnkötludal og Gautsdal, hefur enn ekki verið tekin, en Leið ehf. í Bolungarvík, félag um frambrún í samgöngum á landi, hefur látið forhanna veg þá leið og matsáætlun um mat á umhverfisáhrifum þeirrar vegagerðar liggur fyrir.“

Hvað hefur áunnist?


Þá segir einnig um það sem áunnist hefur:

„Ráðist hefur verið í ýmsar aðrar vegafamkvæmdir á Vestfirðum frá því 1997 sem ekki verða taldar upp hér. Þótt mikið hafi áunnist má ljóst vera að verulega vantar upp á til að ljúka þeim framkvæmdum sem stefnumótunin 1997 gerði ráð fyrir að lyki árið 2007. Að endingu skal nefnt að í langtímaáætlun Alþingis, sem samþykkt var 1998, var gert ráð fyrir því að þéttbýliskjarnar á Vestfirðum yrðu tengdir aðalþjóðvegakerfi landsins með bundnu slitlagi árið 2010. Í samgönguáætlun (2003-2014) sem samþykkt var 2002 er áætlað að þessu marki verði náð árið 2014.“

Sem kunnugt er hefur álag á vegi landsins margfaldast á síðustu árum, einkum vegna aukinna flutninga á vegum, og því eru framkvæmdir í vegamálum mun brýnni en áður. Um það segir starfshópurinn:

„Greiddar samgöngur á landi eru þó í ört vaxandi mæli forsenda þess að mannlíf dafni í byggðum fjórðungsins og atvinnuvegir á Vestfirðum standist harðnandi samkeppni á markaði. Óhætt er að fullyrða að ástand eldri stofnvega á Vestfirðum sé víða svo slæmt að það sé farið að vinna gegn þeim atvinnugreinum í fjórðungnum sem eiga mikið undir landflutningum.“

Starfshópurinn hefur einnig áhyggjur af framkvæmdahraðanum því í greinargerð hans



Kort nr. 1. Á þessu korti má sjá hugmynd að legu ganga úr Dýrafirði í Arnarfjörð.

segir m.a.:

„Byggðir á þeim svæðum sem Djúpvegur og Vestfjarðavegur þjóna byggja á því að góðar heilsárssamgöngur komist á við aðalþjóðvegakerfi landsins. Ef fjárveitingar til verkefnanna verða ekki auknar til muna strax á næstu misserum stefnir í að Vestfirðingar sjái ekki fyrir endann á framkvæmdum fyrir en um miðja þessa öld. Það kann að verða um seinan fyrir framgang byggðar í fjórðungnum.“

Tæplega verður fastar að orði kveðið.

En framkvæmdum í vegamálum fylgja ekki eingöngu samgöngubætur. Starfshópurinn bendir á annan hlut sem honum finnst miklu máli skipta í þróun byggðar í landinu. Hann telur í skýrslu sinni, að stórfamkvæmdir í vegamálum geti verið góðar mótvægisáðgerðir gegn þeim sogkrafti sem miklar framkvæmdir á suðvesturhorninu og Austfirðum hafa á fjármagn og vinnuafli.

Göng úr Dýrafirði í Vatnsfjörð

Um framtíðarverkefni í vegamálum segir starfshópurinn í skýrslu sinni:

„Starfshópur um samgöngumál metur það svo, að í öllum meginráttum beri að fylgja eftir stefnumótun í vegamálum sem samþykkt var á Fjórðungsþingi 1997. Þær áherslur sem þar voru lagðar grundvölluðust á því, að á Vestfirðum væru fjögur samgöngusvæði sem tengd yrðu með hringvegi. Í forgangi yrði vegagerð milli þéttbýlisstaða, flugvalla og ferjubryggja innan hvers svæðis, auk tveggja stórverk-

efna, Djúpvegur í Ísafjardardjúpi og Vestfjarðavegar milli Flókalundar og Bjarkalundar. Nýr vegur yrði lagður um Arnkötludal og Gautsdal (Tröllatunguvegur), sem tengdi Strandir og Reykhólasveit, og loks yrði hringnum lokað með gerð jarðganga milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar. Þessu til viðbótar leggur starfshópurinn til að við forgangsroðum framkvæmda af hálfu hins opinbera verði gengið út frá tillögum um þrjú kjarnasvæði á landsbyggðinni. Í því samhengi er lagt til að tengja Dýrafjörð og Vatnsfjörð í einni framkvæmd með jarðgöngum, annars vegar milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar og hins vegar undir Dynjandisheiði úr Dynjandisvogi í Vatnsfjörð. Heilsársvegur á láglandi er grundvallarforsenda þess að gera norðanverða og sunnanverða Vestfirði að einu kjarnasvæði m.t.t. atvinnu, skóla og þjónustu, með Ísafjörð sem byggðakjarna. Jafnframt skal lögð áhersla á þær samgöngubætur sem greitt gætu fyrir sameiningu sveitarfélaga á Vestfirðum.“

Þarna er um mikla stefnubreytingu að ræða hjá sveitarstjórnarmönnum á Vestfirðum. Í umræðu hingað til hefur ávallt verið rætt um að jarðgöng yrðu gerð milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar og síðan yrði lagður nýr vegur um Dynjandisheiði. Hefur núverandi samgönguráðherra sagt að það yrði næsta verkefni í jarðgangamálum á eftir jarðgöngum eystra og nyrðra.


Nokkuð hefur borið á efasemdum manna sem ekki hafa talið það fullnægjandi kost að gera eingöngu jarðgöng úr Dýrafirði í Arnarfjörð. Þeir

hafa bent á að leiðin um Dynjandisheiði væri löng og gæti verið farartálmi á vetrum enda í allt að 500 metra hæð yfir sjávarmáli og talið að slíkt væri ekki boðlegt nú þegar stærstur hluti flutninga fer um vegina. Á þessi sjónarmið hefur starfshópurinn nú fallist því hann leggur áherslu á að gerð verði jarðgöng í einni framkvæmd úr Dýrafirði í Vatnsfjörð.

Á þessum tveimur útfærslum er gríðarlegur munur. Þau göng sem helst hefur verið rætt um á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar eru um 5,1 km að lengd, eins og sjá má á korti nr. 1. Göng úr Dýrafirði í Vatnsfjörð yrðu hins vegar á bilinu 10,8-12,2 km að lengd, eftir því hvaða leið yrði valin, eins og sjá má á korti nr. 2. Að auki þarf að leggja nýja vegi vegna gangagerðarinnar og yrðu þeir rúmir 8 km að lengd.

Ekki er ljóst hver kostnaður við framkvæmdir þessar yrði. Þó er til sú þumalfingursregla að hver km í jarðgöngum kosti um 500 milljónir króna og hver km í nýjum vegi um 30 milljónir króna. Miðað við þær tölur gæti kostnaður við jarðgöng úr Dýrafirði í Arnarfjörð verið um 2.750 milljónir. Þá er eftir vegur um Dynjandisheiði sem ekki liggur fyrir hvað muni kosta en ekki er óvarlegt að ætla að hann komi til með að kosta um 1-1,2 milljarða króna. Heildarkostnaður við þessa lausn sem starfshópurinn hefur nú talið óviðunandi er því lauslega reiknað tæpir 4 milljarðar króna.

Sú leið sem hópurinn leggur hins vegar til að farin verði, þ.e. að gerð verði göng í einni framkvæmd úr Dýrafirði í Arnarfjörð og þaðan í Vatns-



Kort nr. 3. Á þessu korti sést hugmynd að jarðgöngum undir Kollafjarðarheiði.

fjörð, er mun kostnaðarsamari og má áætla að heildarkostnaður gæti orðið á bilinu 8-9 milljarðar króna.

Ekki göng undir Kollafjarðarheiði

Í umræðu undanfarinna ára hefur nokkuð á borið þeim sem telja það höfuðnaðsyn, að tryggja suðursvæði og norðursvæði Vestfjarða láglandisveginn á þjóðvegakerfi landsins sem fyrst. Aðeins þannig takist að skapa byggðinni sómasamlega samkeppnisstöðu við aðra landshluta.

Til eru þeir sem benda á, að slíkt myndi færa Vestfjörðum forskot á aðra landshluta í samgöngum við stærsta markaðs- svæði landsins, höfuðborgar- svæðið.

Þeir sem á þetta benda telja, að flýta eigi framkvæmdum á milli Flókalundar og Bjarkalundar og tryggja suðursvæðinu sem fyrst heilsárstengingu við aðra landshluta. Norðursvæði Vestfjarða og Stranda-
mönnum verði síðan tryggð tenging við þjóðvegakerfi landsins með vegi um Arnkötuldal og Gautsdal en framtíðarlausn Djúpmanna felist í gerð jarðganga undir Kollafjarðarheiði úr Húsadal í Fjarðarhornsdal.

Slík göng yrðu um 7,6 km að lengd og nýr vegur í tengslum við þau yrði um 15 km að lengd. Hugmynd að staðsetningu slíkra ganga má sjá á korti nr. 3. Heildarkostnaður við þessa framkvæmd yrði því um 4,5 milljarðar króna. Þessi útfærsla var rædd í starfshópnum en hlaut ekki nægilegan hljómgrunn og var því ekki tekin upp í skýrslu hópsins.

Í þessum hugmyndum er
tekist á við sjónarmið þeirra

sem telja það forgangsverkefni að efla tengsl milli suðursvæðis og norðursvæðis Vestfjarða. Þeir sem eru þeirrar skoðunar segja, að með því takist að gera svæðið að einu kjarnasvæði með Ísafjörð sem byggðakjarna, eins og kemur fram í áliti starfshópsins. Þannig verði byggð í heild best tryggð.

Þeir sem vilja gera jarðgöng undir Kollafjarðarheiði segja á hinn bóginn, að umræða um norðanverða og sunnanverða Vestfirði sem eitt kjarnasvæði sé draumsýn sem aldrei verði að veruleika. Til þess séu íbúar á Vestfjörðum orðnir of fáir. Íbúar á suðursvæði muni eins og aðrir landsmenn sækja þá þjónustu til Reykjavíkur sem þeir fá ekki í sinni heima- byggð. Benda þeir á því til stuðnings, að Strandamenn sæki mestalla sína þjónustu suður á bóginn þrátt fyrir bættar samgöngur við norðanverða Vestfirði á liðnum árum.

Með göngum undir Kollafjarðarheiði yrði bylting í samgöngum frá norðursvæði Vestfjarða og einnig kæmi heilsársvegur á milli norðursvæðis og suðursvæðis þrátt fyrir að vegalengdir séu ekki sambærilegar við vegalengdir um göng undir Dynjandshéiði og Hrafnsevarheiði.

Seinni kosturinn væri hins vegar 4,5 milljörðum króna dýrari og þeir milljarðar liggi ekki á lausu eins og fjárveit-ingum hefur verið háttað til vegamála undanfarin ár.

Fjórungsping Vestfirðinga hefur nú eins og áður segir staðfest vinnu starfshópsins og gert tillögur hennar að sínum og eftir þeirri stefnumótun verður unnið á næstu árum. Hvort fjárveitingavaldið verður hins vegar sammála er önnur saga, sem tíminn einn mun leiða í ljós.

Flug og hafnir

En samgöngur eru meira en vegir. Í skýrslu starfshópsins er rætt um fleiri þætti. Í kafla-
num um flug er lögð áhersla á að trygget verði öruggt sjúkra-
flug í fjórðungnum og að miðstöð innanlandsflugs verði áfram í Reykjavík. Þá er það einnig nefnt, að vestfirskir flugvellar verði jafnan útbúnir fullkomnustu öryggisstækjum sem flugöryggisstaðlar mæla fyrir um, auk þess sem mögu-
leikar á kvöld- og næturflugi verði nýttir til hins ýrasta.

Samgöngumál taka örur breytingum og það sannast best í skýrslu starfshópsins sem lokið var í byrjun júl í sumar. Í kafla um hafnamál segir:

„Brýnt er að gæta þess að fórnar ekki mannvirkjum sem tímabundið nýstast illa og skila ekki arði. Aðstæður breytast ört og hafa til að mynda sjóflutningar glæðst nokkuð síðustu misseri eftir áralangan samdrátt. Auknir sjóflutningar samræmast stefnu stjórnsvalda um að lágmarka orkunotkun í samgöngukerfinu enda eru þungaflutningar á sjó hagstæðasti flutningsmátinn í því tilliti.“

Skömmu eftir að þessi skýrsla var samin og áður en hún var birt tilkynnti stærsta skipafélag landsmanna að það hygðist hætta öllum vöruflutningum á sjó.

Í ákvörðunum á borð við þessa liggur helsti vandi stjórnmálamanna. Þeirra hlutverk er að þjóna aðstæðum hverju sinni, hversu ósanngjarnar sem þær kunna að vera í raun. Það er markaðurinn sem skipuleggur framtíðina en ekki stjórnmálamennirnir. Hversu fljótt stjórnvöld laga sig að staðreyndum er hins vegar önnur saga.

– Halldór Jónsson.

Ókeypis fótanudd fyrir eldra fólk



Pimonlask Rodpitake.

Pimónlask Rodpitake á Ísa-
firði býður eldri borgurum
fótanudd á heimilum þeirra í
tvo mánuði, þeim að kostnað-
arlausu. Nuddið lærði Pimón-
lask í Tælandi þar sem hún er
upprunnin. „Nuddið kemur
blóðstreyminu í gang og hefur
hjálpað mörgum. Á ilinni eru
svæði sem tengd eru líffærum
líkamans og því gerir það gott
að nudda fæturna“, segir Pimón-
lask. Hún er Búddatrúar en
þar er mikið lagt upp úr góð-
vild í garð annarra og þá sér í

lagi þeirra sem eldri eru.

Þá vonast hún til að hjálpssemi hennar muni stuðla að bata föður hennar sem er veikur á sjúkrahúsi í Tælandi. „Ég vona, að ef ég er öðrum góð, þá muni Búdda vera þabba góður og senda hann heim.“

Pímonlask nuddar alla
mánudaga og föstudaga.
Áhugasamir geta pantað
tíma í sínum 866 2758 og
456 4073.


– *thelma@bb.is*

SPVF áfram helsti bak- hjarl Boltafélags Ísafjarðar

Fyrir skömmu rann út sjóðurinn því áfram helsti bak-
þriggja ára samstarfssam-
ningur Sparisjóðs Vestfirð-
inga og Boltafélags Ísafjarð-
hjarl félagsins. Þetta var til-
kynnt í lokahófi Boltafélagsins
á laugardaginn.

ar (Bí) en samkvæmt honum Kristján Pálsson formaður var Sparisjóðurinn helsti BÍ segir samstarfið við Sparisjóð Vestfirðinga hafa verið bakhjarl félagsins. Nú hafa ákaflega gott. „Það er mjög forsvarsmenn Sparisjóðsins gaman að vinna með svona og BÍ undirritað nýjan samning fyrirtæki sem skilur nauðsyn tveggja ára og verður Spari þess starfs sem við erum að

vinna. Án þessa stuðnings væri starf félagsins fátæklegra. Fátæklegra íþróttastarf gerir byggð hér fátæklegri og því er nauðsynlegt að forráðamenn fyrirtækja standi vel við bakið á starfi íþróttafélaganna. Það hafa stjórnendur Sparisjóðs Vestfirðinga svo sannarlega gert“, segir Kristján.



Ljóðasafnið er til sölu hjá Gunnhildi Elíasdóttur í síma 456 8278 á Þingeyri og Páli Elíassyni í síma 557 9399, Klapparbergi 5, 111 Reykjavík

Smáauglýsingar

Til sölu eru fjögur 15" nagladekk (31x10) og fjögur 15" sumar-dekk (215x60). Upplýsingar í síma 899 3081.

Litli-leikklúbburinn boðar til framhalds- og aðalfundar 30. sept. í Edinborgarhúsinu kl. 20.30 stunnvíslega. Kaffiveitingar. Efni fundarins: Venjuleg aðalfundarstörf. Stjórnin.

Til sölu er Jeep Wrangler árg 93, breyttur fyrir 36 tommu, álfelgur 4,0 ltr. vél. Uppl. í s. 8447111.

Þórhallur Guðmundsson miðill er væntanlegur til Ísafjarðar í nóvember. Nánari uppl. og tíma-pantanir í síma 456 4045.

Til sölu sporðskjulað eldhúsbörð, Electrolux uppþvottavél og Zanussi kælskápur (h. 125, b. 54 cm). Uppl. í síma 456 3543.

3ja sæta ljós leðursófi (gamall) til sölu (10.000). Erna sími 456 4220 eftir kl. 18.

Spilavist verður haldin í Guðmundarbúð föstud. 1. okt. kl. 20. Allir velkomnir. Sýsavarnar-delid kvenna.

Verður þú sá heppni? Til sölu DVD spilar í sérlega hagstæðu verði. Upplýsingar í síma 864-6577. Óþió allan sólarhringinn.

Upphitað húsnæði. Get tekið nokkur fellihýsi og tjaldvagna í geymslu í vetur í Hnífsdal frá 10. okt. til 15. maí. Sími 867-2337 og 456-3850. Valgeir.

Sýndarstuldur á bifreið við Menntaskólann

Í síðustu viku var lögreglunni á Ísafirði tilkynnt að bíl hefði verið stolið af bílastæði Menntaskólans á Ísafirði. Sagðist eigandinn hafa týnt lyklunum fyrir skómmu en notast við varalykla. Lögreglan fann bílinn tveimur tímum síðar ofan við skólahúsið en það svæði er ekki ætlað bílum. Þegar málið var athugað nánar kom í ljós að þarna var um hrekk við eigandann að ræða. „Lögreglu er lítt skemmt við slíka hrekki, sem kosta óþarfa fyrirhöfn við tilgangslausa leit“, sagði í dagbók lögreglunnar á Ísafirði.

Fyrsta skólaminjasafn Íslands byggt upp á Ísafirði?

„Ég fékk hugmynd að skólaminjasafni þar sem alls kyns söfnum hefur verið komið upp víða um land en skólasögunni sem snertir nær hvert einasta mannsbarn hefur aldrei verið haldið til haga“, segir Skarphéðinn Jónsson, skólastjóri Grunnskólans á Ísafirði. Á fundi fræðslunefndar Ísafjarðarbæjar fyrir skemmstu var

lagt fram bréf Skarphéðins ásamt skýrslu sem hann ritaði árið 2001 um uppbyggingu skólaminjasafns. „Hugmyndin er sú að stofnsetja safn þar sem gömlum munum úr skólasögu Íslandinga er komið fyrir, eins og námsgögnum og kennslutækjum“, segir Skarphéðinn. „Ég vil endilega að safnið

verði á Ísafirði því ég tel að það verði gríðarlegur fengur og skapi atvinnu fyrir þá sem eru fyrstir til að ríða á vaðið.“ Fræðslunefnd óskaði eftir að fá fulltrúa menningarmálanefndar og atvinnumálanefndar á fund sinn til að ræða hugmyndina. „Ég vona að boltinn sé farinn að rúlla því ég tel að skólaminjasafn muni auðga

menningar- og atvinnulífið“, segir Skarphéðinn. Áhugasömum er bent á pistil Skarphéðins um skólaminjar á heimasíðu Grunn-

skólans á Ísafirði (www.isa-fjordur.is > Stofnanir/þjónusta > Grunnskólinn á Ísafirði).

– thelma@bb.is

Jóna Benediktsdóttir skrifar

Heilsuefning í Grunnskólanum á Ísafirði



staðið fyrir. Ferðirnar hafa verið skipulagðar með það fyrir augum að sem flestir geti tekið þátt í þeim. Ferðahraðinn er miðaður við að þeir sem óvanir eru geti unnið þá sigra sem felast í að sjá að þeir geti líka tekið þátt. Við höfum gengið saman á mörg fjöll hér í nágrenninu, svo sem á Kaldbak, Barða, Straumnes og yfir Klofningsheiði. Einnig höfum við farið í lengri ferðir þar sem gist er eina eða tvær nætur, meðal annars í Hornvík og Furufjörð, og fleiri ferðir eru fyrirhugaðar á næstu árum. Nú í vor tókum við þátt í verkefni Í.S.Í., Hjólað í vinnuna, og náðum þar fyrsta sæti í okkar flokki. Keppnin þar fólst í því að sem flestir starfsmenn kæmu fyrir eigin vélarafli í vinnuna. Það sem gladdi okkur mest í því var að hjá okkur var ekki sérstakt átaksverkefni í gangi þá viku sem keppnin var í gangi heldur skráðum við það niður sem við gerum á venjulegum dögum. Hér á Ísafirði háttar þannig

til að flestir geta farið gangandi eða hjólandi í vinnuna og hvet ég alla sem geta til að nýta sér þau forréttindi. Það er bjargföst trú mín að útivera og hreyfing sé eitt af því besta sem hver maður getur gert fyrir sálarlíf sitt. Það þarf ekki endilega að hlaupa langar leiðir eða klífa hæstu fjallatinda. Það að fara í gönguferðir, einn síns liðs eða í góðum félagsskap, er ákaflega endurnærandi. Létt og hressandi ganga þar sem spjallað er um allt milli himins og jarðar, uppeldi, bókmenntir, pólitik og tekist á um heimsmálin, fyllir mann af krafti til að takast á við ný verkefni sem oft krefjast mikillar þolinmæði. Ég er sannfærð um að aukin hreyfing leiðir til betri heilsu og meiri krafts til daglegra starfa og hefur þar með í för með sér virðisauka. Sá virðisauki skilar sér í öllu starfi viðkomandi og þá mest sem betra sjálfsmat. – Jóna Benediktsdóttir.



Fyrsta barnaskólahúsið á Ísafirði stóð að Silfurgötu 3. Húsið var reist 1875 en rífið 1984 og þar eru nú bílastæði. Á myndinni eru kennarar og nemendur framan við húsið en ekki er vitað hvenær myndin var tekin.

Finnabær

Til sölu eða leigu er veitinga- og gisti-staðurinn Finnabær í Bolungarvík. Uppl. gefur Ásgeir í síma 450 7100.

Atvinna

ÁTT ÞÚ BETRA SKILIÐ? Leitum að 2-3 jákvæðum einstaklingum sem hafa 7-10 tíma á viku, internet heima hjá sér og vilja til að starfa sjálfstætt.

www.heilsuverslun.is
heilsa@heilsuverslun.is



STAKKUR SKRIFAR

Síminn hækkar í verði

Mikið er þjóð okkar dásamleg og hve ánægðir mega Norðmenn ekki vera að þessi angi sameiginlegra forfeðra okkar bræðraþjóðanna skyldi flýja til Íslands undir því yfirsíni að ættfeður Íslendinga – og væntanlega ættmæður líka – vildu vera kóngar og ráða sér sjálfir. Að auki vildu víkingarnir, er hingað sigldu til búsetu, ekki borga neinum skatt. Þessir tveir meginþættir eru sannast sagna ríkir í fari Íslendinga enn um stundir. Allir vita betur þeim sem fengið hafa umboð til að stjórna. Reyndar tölum við sjaldnast um að stjórna. Allir vilja ráða og flesta stjórnmálamenn má þekkja af „ég ræð“ svipnum, sem birtist á andliti þeirra þegar þeir telja sig komna í aðstöðu til að geta slíkt. Enda er þeim mörgum þynir í auga að til skuli vera regluverk sem felur öðrum að taka ákvarðanir um hvaðeina í þessari tilveru. Verst þykir þeim þó ef aðrir stjórnmálamenn ráða meiru en þeir sjálfir. Gleggst sést þetta á Alþingi í skiptum stjórnar og stjórnarandstöðu. Skiptir þá engu máli hversu góður og skynsamlegur málstaðurinn er. Sönnun þessarar fullyrðingar eru afdrif laga um breytingu á útvarps- og samkeppnislögum. Oftast er talað um fjölmiðlalögin í þessu sambandi. Um var að ræða breytingar á annars vegar útvarpslögum og hins vegar samkeppnislögum. Markmiðið var að setja skorður við óheftu frelsi fyrirtækja til reka fjömiðlun. Lögin samþykkti Alþingi á stjórnskipulegan hátt og lögformlega að öllu leyti. Ljóst er orðið að þau áttu rétt á sér. En að undirlagi forseta lýðveldisins voru þau numin úr gildi. Hann neitaði að staðfesta þau og talið var afar líklegt að svo færi enn á ný þó

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í Bæjarins besta í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum Stakks á meðan hann notar dulnefni sitt.

þeim yrði breytt til samræmis við óskir stjórnarandstöðunnar. Nú kemur í ljós að væru þau í gildi væri ósennilegt að Síminn hf. hefði átt þess kost að kaupa fjórðungshlut í SkjáEinum. Kaupunum andmæltu sömu stjórnmálamenn og hömuðust gegn brottfelldu lögunum. Ekki verður móti mælt, að slíkt er æði hjáróma tal sé forsagan athuguð. Er þá ekkert að marka alþingismenn Samfylkingar, Frjálslyndaflokksins og Vinstri grænna? Kjósendur svara með atkvæðum sínum. Eli Noam heitir fjölmiðlahagfræðingur og prófessor við Columbia háskóla í Bandaríkjunum. Hann hefur reiknað út fyrir Fréttablaðið að samþjöppun á íslenskum fjölmiðlamarkaði sé mjög mikil og miklu meiri en í löndum sem við berum okkur saman við. Það þarf að taka pólitíska ákvörðun um hve mikla samþjöppun eigi að leyfa. Ummæli hans eru einkar athyglisverð eftir fjölmiðla-slag alþýðubandalags og forseta fyrr á árinu. Hann spyr hvers vegna ekki séu önnur Norðurljós á Íslandi. Þau eru það, en bara á himnum. Nú hillir hins vegar undir risa með kaupum Símans á rúmum fjórðungi í SkjáEinum, fái þau framgang. Stjórn hlutafélags kaupir eign og verðmæti þess hækkaði strax í fyrstu viku um nærri 20%. Þá skammast alþingismenn, sem með ákvörðun sinni hefðu getað komið í veg fyrir kaupin, en vildu ekki. Við sem búum á landsbyggðinni treystum á Símann að netvæða Ísland almennilega og tryggja gott símasamband áður en lengra verður haldið í sölumálum. Þá hækkar hann í álit. Svona gerast nú kaupin á eyrinni, líka þeirri pólitísku.

LETTRE ET L'ART
L'ART ET LE LINGUE

1. FORMAS DE LAMINAR DE CO
30% AFILATUN 20% LAMINAR
SLATRUN 2005 20% LAMINAR

564

239

129

99

**ÓDÝRT KE LAMBASALTKJÖT
50% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN**

199

SMJÖRLÍKI

30%
afsláttur

98

275 40% afsluttet

299

Ekkert brúð! ÞÓÐDÁÐ ÞRÝÐÓÐÐÐÐÐÐÐÐÐ

159

199

299

PROSIN EPLAENGJA 600g

99

299

99

299

99

159

95

Skynsemin velur Bónus...

Býr til töskur úr þæfðri ull

Handverksíðnaður er vaxandi atvinnugrein á Vestfjörðum og víðar hérlandis. Fyrir fæsta er mikið upp úr þessum iðnaði að hafa, talið í krónum og aukum, enda eru þeir ekki margir sem hella sér út í handverkið til að öðlast fjárhagslegt sjálfstæði. Algengara er að fólk geri þetta af einskærum áhuga og stundi aðra vinnu til að eiga fyrir salti í grautinn. Meðal þeirra sem það gera er Friða Rúnarsdóttir,

Helgarveðrið

Horfur á fimmtudag: Minnkandi suðlæg átt og víða rigning, þó síst norðanlands. Áfram fremur hlýtt í veðri.

Horfur á föstudag: Vaxandi suðaustanátt og rigning, einkum sunnan- og austanlands.

Horfur á laugardag: Sunnan strekkingur og áfram talsverð væta.

Horfur á sunnudag: Austlæg átt og rigning eða skúrir einkum um landið sunnan- og austanvert. Lítið eitt kólnandi veður.

Kirkjustarf

Ísafjarðarkirkja: Messa og kirkjuskóli sunnud. 3. okt. kl. 11:00. Sóknarprestur.

Súðavíkurkirkja: Englamessa. Fjölskylduguðspjónusta í Súðavíkurkirkju nk. sunnudag kl. 14.00. Leikskólabörn og grunnskólabörn syngja.

Spurningin

Styður þú launakröfur grunnskólakennara?

Alls svöruðu 633. Já sögðu 217 eða 34% Nei sögðu 358 eða 57% Öviss sögðu 58 eða 9%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

kennaranemi og handverkskona á Ísafirði. Þó bendir margt til þess að henni takist að gera handverkið að ágætri aukabúgrein með kennslunni. Hún þykir af kunnugum gera fyrirtaks handtöskur úr ull sem unnin er eftir fornri vinnsluaðferð. Töskurnar vöktu áhuga Dýrfinnu Torfadóttur, sem lengi rak verslunina Gullauga á Ísafirði og landsþekkt er fyrir skartgripagerð. Dýrfinna bauð Friðu að halda með sér sýningu á Akranesi og þáði hún boðið.

Samvinnan skilar góðum árangri

„Þetta er samsýning á töskunum mínum og skartinu hennar Dýrfinnu“, segir Friða. „Hún sá töskurnar mínar í verslun á Ísafirði og hafði samband við mig og spurði hvort ég hefði áhuga á að setja upp sýningu með henni. Á sýningunni blöndum við verkum okkar saman. Hún setti skartið sitt á sumar af töskunum og gerði hálsmen í stíl. Það hefur verið að koma rosalega vel út og það má vera að við þróum samstarfið eitthvað nánar.“

Samsýning þeirra Dýrfinnu og Friðu er á safnasvæðinu á Akranesi. „Hún verður uppi eitthvað áfram en við erum að gæla við að koma með hana til Ísafjarðar í framhaldinu. Þetta er sölusýning, þannig að ef vel gengur þurfum við að endurnýja gripina og hafa eitthvað nýtt á sýningunni á Ísafirði. Þess má líka geta að við verðum með vörur í Gallerý Ófeigs á Skólavörðustíg í Reykjavík í nóvember.“

Engar tvær töskur eins

„Töskurnar hafa fengið góðar viðtökur. Meðan ég var á Akranesi seldust nokkur stykki og það er búið að panta eitthvað til viðbótar. Og ekki bara



töskur, heldur líka kápu, svo nefnt sé dæmi. Handtöskur er eitthvað sem allar konur nota og það er auðvitað gaman að vera með alveg einstaka tösku. Mínar eru ekki fjöldaframleiddar og jafnvel þó ég myndi reyna gæti ég ekki gert tvær sem litu nákvæmlega eins út.“

Nýtur skilnings hjá fjölskyldunni

Töskur Friðu eru úr þæfðri ull, eða flóka. „Ég nota merínó-ull sem ég panta frá Danmörku í töskurnar. Hún er finni og meðfærligri en sú íslenska sem þykir frekar gróf.“

Ég byrja á því að búa til snið sem ég ætla að nota, legg ullina á það og bleyti

með sápuvatni, vef síðan bóluplasti utan um hana og rúlla ullinni fram og til baka vel og lengi. Síðan kasta ég henni ítrekað í gólfíð til að láta hana þetta sig. Þetta eru mikil líkamleg átök en vel þess virði. Það þarf lítið að sauma, bara botninn í töskunni sem ýmist er úr plasti eða leðri, og ólina. Efnið verður niðsterkt og töskurnar vel höggheldar. Ég geri töskurnar á eldhúsbörðinu heima hjá mér. Eldhúsið verður allt undirlagt af þessu en ég hef notið góðs skilnings hjá fjölskyldunni og geri það áreiðanlega áfram, svo lengi sem ég tek til eftir mig.“

Fékk að vera á heimavist

Friða segist ekki sú eina sem vinnur ull á þennan hátt. „Það eru einhverjir fleiri í þessu. Sjálf kynntist ég þessari aðferð þegar ég var í verklegri textílmennt í Kennaraháskólanum í fyrrihaust. Mér fannst þetta það áhugavert að ég sótti vikulangt námskeið á Jótlandi í Danmörku núna í vor. Þar lærði ég að gera margt annað en töskur, bjó mér til kápu svo nefnt sé dæmi. Þetta var rosalega gaman, ég fékk að vera á heimavist í viku.“

Ekki dýr varningur

En er þetta ekki dýr varningur sem Friða er að framleiða? Hún telur svo ekki vera. „Ef keypt er fjöldaframleidd vara út úr búð er hún sennilega

ódyrari. Hins vegar eru handgerðar töskur yfirleitt miklu dýrari en þær sem ég er að selja. Handtaska af venjulegri stærð með leðurbotni kostar eitthvað um átta til níu þúsund krónur hjá mér. Ég reikna mér bara hóflegt tímakaup enda geri ég þetta frekar af áhuga en peningaprá. Ég ætla að halda áfram að gera þetta samhliða kennaranámi og kennarastarfi í framhaldinu. Ég er að kenna textílmennt (handavinnu) í Grunnskólanum á Ísafirði og hef starfað við það síðastliðin fjögur ár. Handverkið verður í mesta lagi ágætis aukabúgrein hjá mér.“

– þessi eini sanni!

> RÚV: 2. október kl. 22:10

Síðasta haustið (The Last September)

Bresk bíómynd frá 1999 um eldri hjón og dvalargesti á gömlu sveitasetri þeirra á Írlandi á þriðja áratug síðustu aldar. Í helstu hlutverkum eru Michael Gambon, Maggie Smith, Tom Hickey, Keeley Hawes, David Tennant, Lambert Wilson og Jane Birkin. Leikstjóri er Deborah Warner. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.



> Stöð 2: 1. október kl. 20:30

Idol stjörnuleit - Áheyrnarpróf

Á annað þúsund keppendur skráðu sig til leiks í Idol - Stjörnuleit. Haldin voru áheyrnarpróf í Reykjavík, Vestmannaeyjum, á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum. Í þessum fyrsta þætti sjáum við hvernig þátttakendum gekk í höfuðborginni. Hinir upprennandi söngvarar mættu á Hótel Loftleidir og þar beið dómnefndarinnar erfitt verkefni.



> Skjár1 2. október kl. 21:00

Dangerous Liason

Margverðlaunuð kvikmynd frá 1988 sem gerist í Frakklandi á 18. öld. Rík yfirstéttarkona leggur á ráðin til þess að eyðileggja hjónband fyrrverandi eiginmanns síns. Myndin hlaut 3 óskarsverðlaun og var tilnefnd til fjögurra verðlauna til viðbótar þar á meðla sem besta kvikmynd ársins 1988. Með aðalhlutverk fara Michelle Pfeiffer, Glenn Close og John Malkovich.



Fyrirhugaðar breytingar á prófastsdæmum mælast misjafnlega fyrir

Prófastar Vestfirðinga með aðsetur í þremur landshlutum?

Fyrir Kirkjubíng sem haldið verður í næsta mánuði verður lögð fram tillaga frá biskupafundi þess efnis, að prófastsdæmum landsins verði fækkað úr 16 í 10. Nái þessi tillaga fram að ganga munu prestaköll á Vestfjörðum tilheyra prófastsdæmum í þremur landshlutum. Talið er líklegt að breytingar á prófastsdæmum verði samþykktar á Kirkjubíngi en ekki er sjálfgefið að tillaga biskupafundar nái óbreytt fram að ganga. Efasemdir eru um að framkomin tillaga sé raunhæf þegar horft er til samgangna á svæðinu.

Samkvæmt tillögunni mun Reykhólaprestakall sem nú tilheyrir Barðastrandarprófastsdæmi flytjast í nýtt Vesturlandsprófastsdæmi. Það sem þá stendur eftir af Barðastrandarprófastsdæmi mun sameinast Ísafjarðarprófastsdæmi í nýju Vestfjarðarprófastsdæmi og Strandir sem nú tilheyra Húnavatnsprófastsdæmi munu fylgja því í nýtt prófastdæmi ásamt Skagafjarðarprófastsdæmi. Munu þessar tillögur, ef samþykktar verða, leiða til þess að prestaköll á Vestfjörðum tilheyra eftirleiðis prófasts-

dæmum í þremur landshlutum. Prófastar eru nokkurs konar umboðsmenn og trúnaðarmenn biskups í héraði. Við samþykkt tillögunnar mun próföstum á Vestfjörðum fækka úr tveimur í einn. Í dag er séra Bragi Benediktsson sóknarprestur á Reykhólum prófastur í Barðastrandarprófastsdæmi en séra Agnes M. Sigurðardóttir sóknarprestur í Bolungarvík er prófastur í Ísafjarðarprófastsdæmi. Ekki er að sjá að prestar tapi stórum tekjupósti við fækkun prófastsdæma. Prófastar hafa haft einum launaflokki hærri laun en sóknarprestar. Hins

vegar hefur prófastsembættið verið talsvert virðingarembætti og því hafa fylgt nokkrar embættisskyldur. Það eru einmitt þær skyldur sem menn staldra við þegar lagðar eru til breytingar á landfræðilegri skiptingu embættis.

Þær raddir hafa heyrst að sú tillaga sem nú liggur fyrir um skipan mála á Vestfjörðum endurspegli ekki þær aðstæður sem Vestfirðingar búa við í samgöngumálum. Á vetrum er að jafnaði ófært í marga mánuði samfleytt um Hrafnseyrarheiði og Dynjandisheiði milli norðursvæðis og suður-

svæðis Vestfjarða. Til þess að komast akandi um umdæmi sitt þyrfti prófastur því að fara bæði um Strandir og Reykhólaprestakall sem tilheyra eftir þessar breytingar prófastsdæmum í öðrum landshlutum. Því væri mun eðlilegra að þau svæði tilheyru hinu nýja Vestfjarða-prófastsdæmi, auk þess sem það myndi styrkja hið nýja prófastsdæmi sem verður hið langfámennasta á landinu ef tillögur biskupafundar ná óbreyttar fram að ganga.

– hj@bb.is



ÍSAFJARÐARBÆR

LAUST STARF

Konu vantar til starfa í Sundhöll Ísafjarðar. Um er að ræða baðvörslu og sundlaugargæslu. Starfið er unnið í vaktavinnu og er laust frá 1. okt. nk.

Nánari upplýsingar um starfið hjá undirrituðum í síma 450 8000 og á skrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórn-sýsluhúsinu, Ísafirði.

Íþróttafulltrúi.



ÍSAFJARÐARBÆR

ÚTBOÐ

Tæknideild Ísafjarðarbæjar óskar eftir tilboðum í verkið “Teigahverfi - Hnífsdal”. Verkið felur í sér niðurbrot, flutning og urðun á steypum plötum og sökklum húsa sem hafa verið fjarlægð, og grófjöfnun lóða. Útboðsgögn verða seld á bæjarskrifstofu á Ísafirði frá og með föstudegi 1. október n.k. á 1250.- kr./m. vsk. Skipulags- og byggingarfulltrúi.

Ástarvikan í Bolungarvík

Sáning gekk vel

Ástarvikan sem haldin var í Bolungarvík í síðasta mánuði heppnaðist vel en stefnt var að sem víðtækastri sáningu til fjölgunar Bolvíkingum. „Óhætt er að segja að fólk hafi tekið virkan þátt í Ástarvikunni“, segir Soffía Vagnsdóttir, einn forsvarsmanna, og kveðst aðspurð þegar hafa heyrt af

væntanlegri fjölgun hjá nokkrum Bolvíkingum. Verðlaun eru í boði fyrir ávexti ástarinnar og m.a. fá börn sem fæðast munu í Bolungarvík í maí vöggugjöf frá Bjarnabúð. „Fólk bíður spennu eftir uppskerunni“, segir Soffía. „Við munum leggja ennþá meira í næstu Ástarviku.“

SÆLKERI VIKUNNAR

ER ESTHER ARNÓRSDÓTTIR, Ísafirði

Mexíkanskt lasagne

Sælkeri vikunnar að þessu sinni býður upp á mexíkanskt lasagne sem ætti að höfða til allra sem njóta bragðsterks mat. Esther mælir með því að hafa ferskt salat og sýrðan rjóma með réttinum. Í eftirrætt er heit eplakaka með ís, þar sem kanilsykur, súkkulaði og epli bráðna saman í hverjum munnbita. Eplakakan er borin fram með vanilluís.

Mexíkanskt lasagne

1.kg Nautahakk
1 krukka salsa sósa
1 krukka taco sósa
1 krukka guacamole sósa
1 krukka ostasósa
1 bréf taco krydd
Tortilla kökur
Doritos snakk (mæli með osta)
Ostur

Steikið hakkið á pönnu og kryddið með taco kryddinu, setjið salsa sósuna og taco sósuna út í og hrærið saman. Setjið tortilla kökur í botninn á eldföstu móti og deiginu og látið í kæli í 1-2 klst.



inu. Setjið alla krukkuna af guacamole sósunni og svo aftur tortilla kökur. Setjið hinn helminginn af hakkinu og alla krukkuna af ostasósunni. Brjótið Doritos snakkið yfir allt og stráið osti ofan á. Setjið í ofn í um það bil 45 mín í 175 – 200 gráðu hita.

Heit eplakaka með ís

200gr hveiti
200gr sykur
200gr smjörlíki.

Blandið hráefninu saman og hnoðið og myndið pylsu úr deiginu og látið í kæli í 1-2 klst.

2 epli
1 plata suðusúkkulaði
möndlur
kanilsykur

Raðið eplunum í eldfast mót og stráið kanilsykri yfir. Saxið suðusúkkulaðið og stráið vel yfir. Skerið deigið í þunnar sneiðar og setjið vel yfir eplin. Dreifið söxuðum möndlum yfir og hitið í ofni í u.þ.b 30 mín.

Ég skora á Önnu Ragnheiði Grétarsdóttur á Ísafirði að koma með uppskrift í næsta blaði.

Atvinna

Óskum eftir beitningamönnum til starfa í Bolungarvík.

Uppl. gefa Lárus í síma 863 7108 og Gísli í síma 892 3883.

en fyrst starfaði hún á Ísafirði um jólin 1997 og hefur marg oft verið þar í afleysingum, samtals 8-9 mánuði. Hún mun

starfa á Ísafirði fram á næsta vor þegar hún heldur til Bandaríkjanna í sérnám í almennum skurðlækningum.

Sportið í beinni

Sjónvarpló:

Laugardagur 2. okt.:

Kl. 13:50 – Úrslitaleikur í bikarkeppninni í fótbolta

Sýn:

Miðvikudagur 29. sept.:

Kl. 18:30 – UEFA Ch. L.

Chelsea – Porto

Sunnudagur 3. okt.:

Kl. 18:20 – Ítalski boltinn:

Roma – Inter

Kl. 22:05 – Ameríski fótb.:

Miami – NY Jets

Skjár 1:

Laugardagur 2. okt.:

Kl. 11:45 – Enski boltinn:

Southampton – Man. City

Kl. 14:00 – Enski boltinn:

Arsenal – Charlton Athl.

Kl. 16:15 – Enski boltinn:

W.B.A. – Bolton Wanderers

Sunnudagur 3. okt.:

Kl. 15:05 – Enski boltinn:

Chelsea – Liverpool

Kl. 17:00 – Enski boltinn:

Man. United – Middlesbr.

Mánudagur 4. okt.:

Kl. 22:30 – Enski boltinn:

Crystal Palace – Fullham

Canal+ Norge:

Laugardagur 2. okt.:

Kl. 11:45 – Enski boltinn:

Southampton – Man. City.

Kl. 14:00 – Enski boltinn:

Arsenal – Charlton Athl.

Kl. 18:30 – Ítalski boltinn:

Chevo – Lecce

Sunnudagur 3. okt.:

Kl. 13:00 – Ítalski boltinn:

Udinese – Juventus

Kl. 15:05 – Enski boltinn:

Chelsea – Liverpool

Kl. 18:30 – Ítalski boltinn:

Roma – Inter Milan

Canal+ Zap:

Laugardagur 2. okt.:

Kl. 14:00 – Enski boltinn:

Everton – Tottenham

Kl. 14:15 – Enski boltinn:

W.B.A. – Bolton Wanderers

Sunnudagur 3. okt.:

Kl. 14:00 – Enski boltinn:

Man. United – Middlesbrough

afmæli




Árnað heilla. Fimmtudaginn 30. sept. eiga hjónin Anna S. Kristjánsdóttir og Kristinn L. Jónsson Sundstræti 31A á Ísafirði 60 ára brúðkaupsafmæli.

skrifa.com

Upplýsingavefur gervihnattafólksins

Afruglarar · kort · brennarar og allt annað til að fullnýta búnaðinn.

Símar 893 5804 og 482 3929 alla virka daga frá kl. 13-23



Verð íbúðarhúsnæðis á Vestfjörðum dregst aftur úr

Á árunum frá 1990 til 2003 hefur fermetraverð íbúðarhúsnæðis um og yfir tvöfaldast í fimm landshlutum af átta. Á sama tíma hefur fermetraverð á Vestfjörðum aðeins hækkað um tæp 18%. Á sama tíma hefur vísitala neysluverðs hækkað um 56%, byggingavísitala um 67% og launavísitala um 105%.

Fyrirvara þarf að hafa á

tölunum því að húsagerð getur verið mismunandi á milli landshluta og sala á tegundum húseigna getur verið mismunandi á milli ára. Rétt er einnig að taka fram að tölurnar eiga við landshlutana í heild. Innan hvers landshluta getur þróun fermetraverðs verið mjög mismunandi.

Frá árinu 1990 til ársins 2003 varð mest hækkun fer-

metraverðs íbúðarhúsnæðis á Vesturlandi eða tæplega 140%. Næst kemur Reykjanes með rúmlega 117% hækkun. Í Reykjavík hækkaði fermetraverð um tæp 116% á þessum tíma og um 112% á Suðurlandi. Á Norðurlandi eystra var hækkunin rúm 90%. Á Austurlandi nam hækkunin rúmum 48%, á Norðurlandi vestra var hækkunin 45% og á

Vestfjörðum hafði fermetraverð hækkað um tæp 18%.

Þegar horft er nánar á þróunina á Vestfjörðum, þá náði fermetraverð hámarki árin 1995 og 1998. Síðan 1998 hefur fermetraverð lækkað á Vestfjörðum um 8,5%. Í öðrum landshlutum hefur fermetraverð hækkað á þessum tíma.

– hj@bb.is



Frá Ísafirði.

Árleg róðrarkeppni Menntaskólans á Ísafirði

„Klárlega besta keppnin til þessa“

Róðrarkeppni Menntaskólans á Ísafirði fór fram á Pollinum sl. fimmtudag fjórða árið í röð en róið er á sexæringum. Í karlaflokki sigraði lið pilta sem kölluðu sig Stúdínurnar og reru þeir spölinn á 1 mín. 44 sek. Næstir komu Víkingarnir úr Bolungarvík (1:49), þá Trillukarlafélagið Jói (1:50) en lestina ráku Væringjarnir, lið kennara, (1:51), og Pabbarnir, lið foreldra (1:52). Í kvennaflokki sigruðu Ólínurnar á 1 mín. 53 sek. Næstar komu Tútturnar (2:05), þá lið

KFÍ (2:06) en síðastar voru Tussumnar (2:08).

Skokklúbburinn Riddarar Rósu skoraði á sigurvegarana í karlaflokki í róður að móti loknu og sigruðu Riddararnir á 1 mín. 42 sek.

Samhliða sexæringakeppninni var keppt í kajakróðri. Einungis tveir skráðu sig til leiks og sigraði Þröstur Þórisson á 1:41 en Auðunn Jóhann Elvarsson var skammt á eftir á tímanum 1:47.

„Mótið tókst alveg frábærliga og er klárlega besta

keppnin til þessa“, sagði Hermann Níelsson, mótsstjóri og íþróttakennari við Menntaskólann. „Þetta fór fram úr björtustu vonum – veðrið, þátttakan og áhorfendafjöldinn.“

Í fyrsta sinn fór keppnin nú fram á kennslutíma svo að þeir sem búa utan Ísafjarðar voru fæstir farnir heim til sín. Að keppni lokinni bauð Nemendafélag skólans öllum upp á grillaðar pylsur og drykk með.

– halfdan@bb.is



Ekki mun skuturinn eftir liggja ef vel er róið í fyrirrúminu.

Knattspyrnufólk ársins 2004 hjá BÍ



Þórkatla Sif Albertsdóttir og Tómas Emil Guðmundsson voru útnefnd knattspyrnumenn ársins 2004 í kvenna- og karlaflokkum Boltafélags Ísafjarðar. Tilkynnt var um útnefningu þeirra á fjölmennu og glæsilegu lokahófi félagsins sem fram fór í Íþróttahúsinu á Torfnesi á Ísafirði á laugardaginn. Fjölmörgum öðrum voru veittar viðurkenningar.

Misjöfn nýting leikskólanna í Ísafjarðarbæ



Leikskólinn Sólborg á Ísafirði.

Mjög misjöfn nýting er á leikskólum Ísafjarðarbæjar um þessar mundir. Á Ísafirði eru leikskólarnir fullnýttir en aðrir leikskólar sveitarfélagsins eru einungis um hálfsetnir. Þetta kemur fram í samantekt Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar.

Alls rekur Ísafjarðarbær sex leikskóla. Tveir þeirra eru á

Ísafirði en hinir eru í Hnífsdal, á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Af nýtingu einstakra skóla má nefna að á Sólborg á Ísafirði eru 88 börn og er hann fullsetinn. Sömu sögu er að segja um Eyrarskjól á Ísafirði. Þar er nú 71 barn og ekki rúmast þar fleiri.

Á Bakkaskjöli í Hnífsdal eru nú 12 börn en sá skóli rúmar

um 20 börn. Á leikskólanum Tjarnarbæ á Suðureyri eru í dag 18 börn en sá skóli getur rúmað 30-35 börn. Á leikskólanum Grænagarði á Flateyri eru í dag 15 börn en sá skóli rúmar 30-35 börn. Leikskólinn Laufás á Þingeyri rúmar 30 börn en nú eru þar einungis 16 börn.

– hj@bb.is